FRÉTTABLAÐIÐ

297. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 17. DESEMBER 2018



Þessar prúðbúnu konur útbjuggu kerti með gamla laginu á Árbæjarsafni í gær. Þar var margt um manninn og mikil jólastemming þar sem gamli tíminn mætti þeim nýja og ungir jafnt sem aldnir skemmtu sér saman. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af jólastemmingu er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**









Bergstaðastræti 29, nýbygging er fyrirhuguð á lóðinni.

## Nágrannar allt annað en sáttir

**SKIPULAGSMÁL** Nágrannar eru ósáttir með áform um nýbyggingu á baklóð Bergstaðastrætis 29. Eigendur tveggja íbúða segja að nýja húsið muni loka fyrir glugga hjá þeim.

Þá hafa verið viðraðar áhyggjur af því hvort gömlu húsin í kring muni þola yfirvofandi sprengingar. – gar / sjá síðu 6

## Blanda jólapúns til góðs á Miami

**LÍFIÐ** Á morgun fer fram fyrsta árlega Jólapúnskeppni Barþjónaklúbbs Íslands til styrktar Samhjálp. Miami verður breytt í jólamarkað þar sem tíu barir og veitingastaðir verða með bás þar sem blandaðir verða jóladrykkir. – bbh / sjá síðu 24

# Aðeins einu máli verið vísað til lögreglunnar

**Lögregla fær lítið af málum á sitt borð vegna gruns um refsivert athæfi lækna vegna lyfjaávísana. Mun fleiri mál eru til rannsóknar vegna ólöglegs innflutnings. Yfirlæknir á Vogi telur megnið af lyfjum á götunni vera úr íslenskum apótekum.**

**LÖGREGLUMÁL** Einu máli hefur verið vísað til lögreglu vegna gruns um refsiverða háttsemi læknis í tengslum við lyfjaávísanir á síðustu þremur árum. Þetta kemur fram í svari frá Landlæknisembættinu við fyrirspurn Fréttablaðsins. Í svari frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu kom einnig fram að lögregla hefði aðeins fengið eitt mál á sitt borð á undanförnum árum.

Til samanburðar hefur lögregla haft tugi mála til rannsóknar varðandi innflutning á fíknilyfjum til landsins en í samtali við Fréttablaðið í sumar sagði Karl Steinar Valsson að fjórutíu slík mál hefðu verið tekin til rannsóknar frá áramótum.

„Mér finnst líklegast að nær öll þessi lyf og langflest komi úr apótekum á Íslandi og ekkert sem bendir sérstaklega til að það sé mikill innflutningur á lyfjum,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogi, en fjórutíu prósent þeirra sem svöruðu svörukönnun SÁÁ í nóvember, höfðu keypt lyfseðilskyld lyf á svörtum markaði.




**Embætti Landlæknis hefur aðeins vísað einu máli til lögreglu á síðustu þremur árum vegna gruns um misferli læknis með fíknilyf.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þessi mál verða að koma til okkar til að við getum hafið rannsókn og við verðum því að stóla á eftirlitsaðilana, Landlækni og hugsanlega Lyfjastofnun,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir hjá ákærusviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún vildi ekki tjá sig um mál þess læknis sem vísað var til lögreglu, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er málið enn til rannsóknar og hefur meðal annars verið framkvæmd húsleit á læknastofu hins grunaða.

Í svari Landlæknis við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur einnig fram að fjórir af rúmlega þrjú þúsund læknum með lækningaleyfi hafi ekki leyfi til að ávísa lyfjum og einn að auki hafi takmarkað leyfi til að ávísa ávanabindandi lyfjum. Þá séu einnig dæmi um lækna sem hafa misst leyfið en fengið það aftur og starfi undir eftirliti yfirlækna.

Embættinu reyndist ekki unnt að veita upplýsingar um fjölda lækna sem hafi fengið höfðu áminningu frá embættinu en í frétt Stöðvar 2 í byrjun mánaðarins kom fram að fjórutíu læknar hafi fengið bréf frá embættinu á árinu með athugasemdum um lyfjaávísanir þeirra. – aá






## Veður




Vaxandi austlæg átt í dag, víða 15-23 m/s og rigning seinni partinn, en 23-28 um tíma syðst. Dregur úr vindi seint í kvöld. Hiti 1 til 9 stig, mildast syðst. SJÁ SÍÐU 16

# Stærra tré er betra tré



Margir landsmenn nýttu helgina í að sækja sér lifandi jólatré fyrir hátíðarnar. Það var ys og þys og margt um manninn í jólatrjáasölu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar við Hvaleyrarvatn þegar ljósmyndara bar að garði. Þegar kemur að jólatrjám er stærra alltaf betra eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Sjálfur Clark Griswold væri vel sæmdur af svona vel völdu jólatré. Mátulegt fyrir jeppann og væntanlega glæsilegt í stofu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Kassakerfi Costco réði ekki við íslensku jólaösina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Jólaösin lagði kassana í Costco

**VIÐSKIPTI** Töluverð örtröð og óróleiki skapaðist í stórversluninni Costco í Kauptúni í gær þegar kassakerfi verslunarinnar hrundi í hálfa aðra klukkustund. Forsprakki Facebook-hópsins Costco-Gleði, Engilbert Arnar Friðþjófsson, var staddur á matsölustaðnum í versluninni og fylgdist með gangi mála en langar raðir mynduðust í búðinni.

„Þau leystu þetta bara mjög vel og voru mjög almennileg. Þau voru að gefa fólki kökur, djús, Prins Póló og möffins,“ segir Engilbert í samtali við Fréttablaðið. Þegar verst lét höfðu myndast biðraðir sem þveruðu vöruhúsið stóra og náðu frá kössunum aftur að kælunum í hinum endanum. Að sögn viðstaddra ákváðu margir að hverfa frá meðan kerfið lá niðri. Óljóst er hvað olli biluninni en Fréttablaðið náði ekki í talsmenn Costco. – **dfb**

> Þau voru að gefa fólki kökur, djús, Prins Póló og möffins
>
> Engilbert Arnar Friðþjófsson



## Von á lægð í dag

**VEÐUR** Búast má við að enn ein lægðin gangi yfir landið í dag og fer vindur vaxandi uns hann nær hámarki seinni partinn og í kvöld.

Búast má við hvassviðri, víða 15 til 23 m/s, en allt að 28 m/s frá Mýrdal og vestur undir Þjórsárdal. Ferðalöngum er bent á að fylgjast með veðri en það stendur aðeins yfir í nokkra tíma, með hvössum hviðum.

Einnig fylgir þessu rigning og aukin hlýindi, mesta úrkoman verður á Austfjörðum og á Suðausturlandi, en þar má búast við talsverðri rigningu seinnipartinn á morgun og fram á þriðjudag. – **dfb**

# Vilja fá kvikmyndaelítu Evrópu til Reykjavíkur

**Borgarstjóri hélt til Spánar fyrir helgi ásamt föruneyti til fundar við fulltrúa Evrópsku kvikmyndaakademíunnar. Þar staðfesti hann áhuga borgar og ríkis á því að halda Evrópsku kvikmyndaverðlaunahátíðina í Reykjavík árið 2020.**

**REYKJAVÍK** „Gríðarleg tækifæri geta falist í því að fá Evrópsku kvikmyndaverðlaunin til Reykjavíkur árið 2020. Það er mikilvægt að borg og ríki starfi nú saman að því að landa verkefninu,“ segir í bókun Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna á borgarráðsfundi á fimmtudag.

Dagur B. Eggertsson hélt á föstudag til Sevilla á Spáni til að funda með fulltrúum Evrópsku kvikmyndaakademíunnar þar sem hann staðfesti áhuga borgar og ríkis á því að halda Evrópsku kvikmyndaverðlaunahátíðina í Reykjavík árið 2020.

Með borgarstjóra í för eru aðstoðarmaður borgarstjóra og sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs sem og ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Ferðalangarnir koma heim í dag og kemur þá í ljós hvort hátíðin verður með í för eða ekki.

Í greinargerð um málið segir að Reykjavíkurborg og ríkið ábyrgist fjármögnun verkefnisins með að hámarki 135 milljón króna framlagi hvor aðili um sig. Þar segir einnig að ráðgert sé að hátt í 1.400 gestir verði á verðlaunahátíðinni sjálfri, auk vel á annað hundrað erlendra blaðamanna. Sýnt verður beint frá verðlaunakvöldinu og því ljóst að hátíðin, með íslensku ívafi, mun fá mikla umfjöllun. Fallist hafi verið á að miða við vikuna 7. til 13. desember. Tímasetningin hentar vel en desembermánuður er yfirleitt sá tími þar sem nýting gistirýma er hvað slökust.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hélt utan með fríðu föruneyti á föstudag í von um að heilla evrópsku akademíuna upp úr skónum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Gríðarleg tækifæri geta falist í því að fá Evrópsku kvikmyndaverðlaunin til Reykjavíkur árið 2020.
>
> Bókun meirihlutans í borginni

Flokkur fólksins bókaði á borgarráðsfundinum að ekki séu nægjanleg rök fyrir því að þrír á vegum borgarinnar fari til Sevilla. Telur áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins það hljóti að nægja að einn, kannski tveir í mesta lagi, fari í þessa ferð. Ekki er séð nauðsyn þess að aðstoðarmaður borgarstjóra fari með í þessa ferð.

Meirihlutinn bókaði að vegna umfangs og eðlis opinberra viðburða á erlendum vettvangi fylgi aðstoðarmaður borgarstjóra honum á slíka fundi.

Evrópska kvikmyndaverðlaunahátíðin fer fram í Berlín annaðhvort ár.

Hin árin flakkar hún á milli borga og hefur verið haldin í London, Barcelona, París, Tallinn, Ríga og Wroclaw.

Samkvæmt greinargerðinni eru það þrjár borgir sem keppa um að fá að halda hátíðina.

benediktboas@frettabladid.is





Það var margt um manninn við Ábæjarsafn. Heimsókn þangað er eins og ferð ófáa áratugi aftur í tímann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ekkert stress á aðventunni

Margir Íslendingar nýttu blíðviðrið á höfuðborgarsvæðinu til að sinna jólaerindum og drekka í sig aðventustemminguna í gær. Í Hafnarfirði sótti fólk sér lifandi jólatré hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Ekki var nú síðri jólaandi á Árbæjarsafni í Reykjavík þar sem ýmislegt skemmtilegt mátti finna.



Það er að mörgu að huga þegar kemur að vali á rétta jólatrénu.



Hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar var tekið í nikkuna.



Það er ákveðin list að skreyta gott laufabrauð. Ómissandi meðlæti með jólamatnum.



Á Árbæjarsafni voru kunnuglegir sveinar, klæddir á gamla mátann, sem skemmtu viðstöddum.


Mamma er best
STARFSMAÐUR MÁNAÐARINS, DESEMBER
GEORG BJARNFREÐARSON
VERZLUNARSTJÓRI & EIGANDI
Georg
Gleðilega hátíð
Mundu réttindi þín í desember!
Kynntu þér málið á vr.is
VR

# Þrír milljarðar í ráðgjafar- og hönnunarþjónustu

**REYKJAVÍK** Frá árinu 2014 hefur Reykjavíkurborg greitt ríflega þrjá milljarða króna í ráðgjafar- og hönnunarþjónustu. Þetta kemur fram í svari fjármálskrifstofu Reykjavíkurborgar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lagt var fram á fimmtudag.

Spurt var um aðkeypta ráðgjöf og ráðgjafarvinnu fyrir borgina frá 2014 til dagsins í dag. Bein ráðgjafarþjónusta á umræddu tímabili nam hálfum milljarði króna. Þar með er ekki allt talið. Í svari borgarinnar segir að mikið af vinnu verkfræðinga og arkitekta, sem tengist ráðgjöf, er einnig vegna vinnu við hönnun og eftirlit og erfitt sé og jafnvel útilokað að sundurgreina þá vinnu sérstaklega vegna ráðgjafar og var hún því tekin saman í sérstaka töflu.

Samantekinn kostnaður af ráðgjöf, hönnun og eftirliti á tímabilinu var 2.573 milljónir. Alls ríflega þrír milljarðar króna.

Stærstu viðskiptavinir borgarinnar þegar kemur að ráðgjafarþjónustu einungis er Capacent, sem fékk 102 milljónir króna á tímabilinu. Þegar kemur að flokki ráðgjafar, hönnunar og eftirlits, er V.S.Ó. ráðgjöf efst og hefur fengið 809 milljónir á þessum tæpu fjórum árum, Efla 795 milljónir og Mannvit 620 milljónir svo fátt eitt sé nefnt. – smj



**Stjórnendur borgarinnar fá ráðgjöf úr öllum áttum enda í mörg horn að líta.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Eyðileggingin var mikil á veitingahúsinu í Saporro í Japan.** MYND/EPA

## Sprenging eins og þrumugnýr

**JAPAN** Mikil sprenging varð í gær á veitingahúsi í borginni Saporro í Japan. Á fimmta tug einstaklinga særðust í sprengingunni sem talin er hafa orðið út frá gasleka, en orsökin liggur þó ekki fyrir.

Sjónarvottar lýstu sprenginunni eins og hárri þrumu en eyðileggingin var nokkur og ljóst að nokkur kraftur hefur verið í sprengingunni. – la

## Fótspor frá fóðri

**UMHVERFISMÁL** Um 93 prósent kolefnisfótspors sjókvíaeldis á Íslandi er vegna framleiðslu og flutnings á fóðri. Um þrjú prósent eru vegna framleiðslunnar sjálfrar og flutnings umbúða. Um tvö prósent eru síðan í flutningi afurða til dreifingarstöðva. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. vann fyrir Landssamband fiskeldisstöðva.

Sambandið segir heildarlosun vegna laxeldis í sjó á Íslandi hafi verið um 31.000 tonn $CO_2$-ígilda árið 2017, eða sem nemur 3,21 kg $CO_2$-ígilda á hvert kílógramm af tilbúinni afurð. – la

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Fallist á eina af hverjum fimm málskotsbeiðnum til réttarins

**Hæstiréttur hefur samþykkt níu málskotsbeiðnir á árinu en réttinum hafa borist 49 beiðnir. Eitt mál hefur þegar verið leitt til lykta. Í langflestum ákvörðunum Hæstaréttar um leyfin er vísað til þess að niðurstaða geti haft verulega almennt gildi. Hæstiréttur hefur aðeins fallist á beiðni um áfrýjun eins sakamáls.**

**DÓMSMÁL** Af 49 beiðnum um áfrýjunar- og kæruleyfi sem Hæstiréttur hefur tekið afstöðu til á árinu hafa níu verið samþykktar. Það eru rúm átján prósent mála.

Með tilkomu Landsréttar um síðustu áramót hefur hlutverk Hæstaréttar tekið miklum breytingum enda velur dómstóllinn nú sjálfur hvaða mál hann tekur fyrir. Í langflestum málunum sem Hæstiréttur hefur samþykkt að taka til skoðunar er vísað til þess að niðurstaða um málið geti haft verulega almennt gildi en dómstólnum er einnig heimilt að taka fyrir mál ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni.

Fjórtán sakamálum hefur verið vísað til Hæstaréttar á árinu og hefur Hæstiréttur samþykkt að taka eitt þeirra til meðferðar; mál Guðmundar Andra Ástráðssonar sem krafðist ómerkingar dóms Landsréttar eða sýknu á þeim grundvelli að skipun eins dómara við Landsrétt hefði ekki verið í samræmi við lög. Hæstiréttur hefur þegar fellt dóm um málið og taldi að þrátt fyrir annmarka á málsmeðferð við skipun dómara við Landsrétt, væri ekki næg ástæða til að draga í efa að ákærði hefði notið réttlátrar málsmeðferðar. Verjandi mannsins, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hefur vísað málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu.

aðalheidur@frettabladid.is



**Breyting er orðin á hlutverki Hæstaréttar með tilkomu Landsréttar og velur Hæstiréttur nú sjálfur þau mál sem hann tekur fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Ritstjórarnir Jón Trausti Reynisson og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir bíða niðurstöðu í lögbannsmálinu.**



**Hæstiréttur samþykkti beiðni hjúkrunarfræðingsins Ástu Kristínar Andrésdóttur.**

### Mál sem leidd verða til lykta fyrir Hæstarétti

Meðal annarra mála sem leidd verða til lykta fyrir Hæstarétti eru mál hjúkrunarfræðingsins Ástu Kristínar Andrésdóttur en Landsréttur hafnaði kröfu hennar um skaðabætur eftir að hún var sýknuð af ákæru um manndráp af gáleysi. Að mati Hæstaréttar getur mál hennar haft fordæmisgildi varðandi bótagreiðslur vegna ólögmætra aðferða lögreglu við sakamálarannsóknir.

Þá má ætla að von sé á stefnumótandi dómi frá Hæstarétti um réttindi blaðamanna og fjölmiðlafólks en fallist var á málskotsbeiðni Glitnis Holdco í lögbannsmáli Stundarinnar síðla hausts. Í ákvörðun Hæstaréttar kom þó fram að lögbannið væri fallið úr gildi en í málinu vegist að öðru leyti á reglur um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs auk álitaefna um vernd heimildarmanna og málið geti að því leyti haft verulega almennt gildi og því efni til að verða við beiðni um áfrýjunarleyfi.

### Mál sem Hæstiréttur hefur hafnað á árinu

Ríkislögmaður óskaði áfrýjunarleyfis vegna mála Eiríks Jónssonar og Jóns Höskuldssonar sem dæmdar voru bætur vegna fjártjóns og miska þegar gengið var fram hjá þeim við skipun dómara við Landsrétt. Ríkislögmaður skaut málinu beint til Hæstaréttar og benti í beiðni sinni á að yrði dóminum áfrýjað til Landsréttar myndu að líkindum allir dómarar Landsréttar víkja sæti og jafnframt dómsmálaráðherra sjálfur ef til þess kæmi að skipa þyrfti varadómara í þeirra stað. Hæstiréttur féllst ekki á rök ríkislögmanns og hafnaði beiðninni.

Hæstiréttur hafnaði einnig beiðni Atla Helgasonar um málskot vegna úrskurðar Landsréttar sem synjaði honum um endurheimt lögmannsréttinda sinna. Hæstiréttur hafnaði beiðninni á þeim grundvelli að ekki væri í lögum heimild til að kæra úrskurði Landsréttar í sakamálum til Hæstaréttar.





SANGEAN
SANGEAN
muse
MUSE Útvarpsvekjari
M-192CR
kr. 6.990,-
Vandað útvarp
PR-D7 black
kr. 15.900,-
Vandað útvarp
WR-11 Walnut
kr. 22.900,-
Plötuspilari í tösku
MT-101DB
kr. 14.900,-
Pioneer
Hi-Res heyrnartól BT
SE-MS7BT
kr. 18.900,-
OPIÐ 10-19
mánudag til föstudags
Jól
ORMSSON
Lýsir klukku í loftið
MUSE Útvarpsvekjari
M-189PMR
kr. 7.490,-
Pioneer
MultiRoom hátalari
MRX-5-B/W
Jólaverð
kr. 33.500,-
Verð áður: 59.900,-
Nintendo
Gott úrval SWITCH leikja
Verð frá kr. 3.990,-
Pioneer
Öflug Partýbox BlueTooth
XW-SX50-B (CLUB 5)
XW-SX70-B (CLUB 7)
kr. 62.900,-
kr. 79.900,-
Pioneer
Hljómtækjastæða.
X-SMC02D-W
kr. 33.500,-
Pioneer
Magnari. VSX-933-B/S
kr. 78.900,-
Pioneer
Pioneer
Pioneer
Geislaspilarar. Verð frá:
kr. 38.900,-
Plötuspilari. PL-30-K
kr. 57.900,-
Stereo magnarar. Verð frá:
kr. 36.900,-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opnunartímar:
Opið kl. 10-19
mánudags til föstudags
ormsson
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# May og Blair munnhöggvast

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sakar Tony Blair, forvera sinn úr Downingstræti 10, um að grafa undan Brexit-viðræðum með lýðskrumi. Blair er meðal þeirra sem kallað hefur eftir því að kosið verði um útgöngu úr ESB að nýju.

Óhætt er að segja að tekist sé á um stöðu mála í tengslum við Brexit. Að öllu óbreyttu munu Bretar ganga úr sambandinu hinn 29. mars á nýju ári en May og samninganefnd ESB hafa komist að samkomulagi um hin ýmsu atriði er varða framtíðarsamband Breta og sambandsins.

May segir að í ummælum Blairs eimi eftir af vanvirðingu í garð embættisins sem hann gegndi árin 1997 til 2007.

Skrifstofa Tony Blair sendi frá sér yfirlýsingu síðdegis í gær til að svara ásökunum May og vísa þeim til föðurhúsanna.

„Ég hef ávallt sagt að ég finn til með forsætisráðherranum og þeim byrðum sem hún þarf nú að bera. Leiðin sem hún valdi er hins vegar ekki að virka. Hún er ekki í þágu þjóðarinnar og því læt ég í mér heyra og mun gera það áfram.“ **– smj**












Nýja húsið á Bergstaðastræti 29 samkvæmt teikningu Grímu Arkitekta.

# Nýju húsi „klesst“ upp að gluggunum

**Nágrannar Bergstaðastrætis 29 mótmæla áformum um nýbyggingu á baklóðinni. Eigendur tveggja íbúða á Óðinsgötu segja að nýja húsið muni loka fyrir glugga hjá þeim. Óttast að gömul hús í kring þoli ekki fyrirhugaðar sprengingar.**

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirhugað tveggja hæða tvíbýlishús auk kjallara sem áformað er á baklóð Bergstaðastrætis 29, fast upp að þremur húsum á Óðinsgötu 18 og Bergstaðastræti 31a, mætir harðri andstöðu húseigenda í kring.

„Að ætla að sprengja og brjóta klöpp allt að þrjá metra fast niður með húsinu er óskiljanleg framkvæmd sem mun skemma verulega eða eyðileggja þennan hluta hússins," segir í bréfi Berglindar Sigurðardóttur skipulagsfræðings fyrir hönd eigenda Bergstaðastrætis 31a sem myndi verða áfast gafli nýja hússins.

Berglind bendir á að stutt sé í að húsið á Bergstaðastræti 31a verði hundrað ára og þar með friðað. Það sé steinsteypt en lítið sem ekkert járnbent. Eigendurnir áskilji sér allan rétt til skaðabóta verði af framkvæmdinni.

„Í öðru lagi er verið að klessa húsinu inn í húsaþyrpingu sem fyrir er, sem er skipulagslega vont," skrifar Berglind. Verðgildi aðliggjandi húsa muni rýrna og valda auknu ónæði.

„Þetta mun byrgja útsýni og auk þess valda auknu skuggavarpi á lóð Óðinsgötu 16 sem ég samþykki ekki," segir íbúi á Óðinsgötu 16.

Eigendur og íbúar Óðinsgötu 18c segja vegið að hagsmunum á margvíslegan hátt. Segja þeir tvo glugga á vesturhlið eignar sinnar, svefnherbergisglugga og stofuglugga, snúa að Bergstaðastræti 29.



Nýtt tvíbýlishús á Bergstaðastræti 29 á að vera áfast þessum tveimur íbúðarhúsum og loka fyrir gluggana á gula húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Lagt er til að fyrirhuguð bygging rísi alveg upp við okkar eign og mun fyrirhuguð bygging loka fyrir gluggana þannig að engin loftun og engin dagsbirta bærist inn í þessi rými.**
>
> Eigendur

„Lagt er til að fyrirhuguð bygging rísi alveg upp við okkar eign og mun fyrirhuguð bygging loka fyrir gluggana þannig að engin loftun og engin dagsbirta bærist inn í þessi rými í eign okkar og aðeins nyti dagsbirtu frá gluggum sem eru á austurhlið hússins," segja eigendur Óðinsgötu 18c.

Eins og fleiri bendir fólkið á Óðinsgötu 18c á að að fyrirhugað byggingarsvæði sé klöpp og því þurfi að beita sprengingum eða stórvirkum tækjum. „Allt í kring eru gömul hús og er grunnur hússins Óðinsgötur 18c og 18b úr holsteini sem er jafn gamall húsinu eða 100 ára á næsta ári," segir í bréfi þeirra.

„Bygging þessi mun valda skertu útsýni ásamt töluverðu skuggavarpi á lóð fasteignar Óðinsgötu 16,“ segir eigandi í því húsi.

Húseigandafélagið sendir inn mótmælabréf fyrir hönd 24 ára konu sem keypti 38 fermetra íbúð á Óðinsgötu 18b á árinu 2015.

„Samkvæmt tillögunni á að byggja húsið alveg upp við Óðinsgötu 18b og loka þar með fyrir baðherbergisglugga íbúðarinnar,“ segir í bréfinu þar sem rakið er að glugginn hafi verið gerður 2014 til að bregðast við myglu vegna lélegrar loftunar.

„Gluggi þessi er eini auðopnanlegi gluggi íbúðarinnar og þjónar tilgangi sem björgunarop,“ segir Húseigendafélagið sem eins og fleiri benda á háan aldur núverandi húsa á svæðinu.

Þá er í tveimur bréfanna undirstrikað að þegar séu óleyfisframkvæmdir á Bergstaðastræti 29 sem byggingarfulltrúa sé kunnugt um og óskað eftir því að embættið geri eitthvað í því. Er þar um að ræða skúr og hjólabrettapall.

Í byggingarleyfisumsókn sem tekin var fyrir hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkur síðastliðinn föstudag segir að málið hafi þegar verið kynnt á skipulagssviði borgarinnar og verið vel tekið. Málið fer nú til umsagnar hjá verkefnisstjóra hverfisins. **gar@frettabladid.is**

# Ummæli kosta Carlson styrktaraðila

**BANDARÍKIN** Þáttastjórnandinn Tucker Carlson hjá Fox News hefur misst stóran styrktaraðila og auglýsanda að þáttum sínum Tucker Carlson Tonight. Ástæðan eru ósæmileg ummæli Carlsons um innflytjendur í Bandaríkjunum. Tryggingafyrirtækið Pacific Life hyggst hætta tímabundið að auglýsa í þáttunum og endurskoða samband sitt við þáttinn samkvæmt yfirlýsingu frá fyrirtækinu.

Carlson hafði í þætti sínum á fimmtudag sett út á fyrri leiðtoga Bandaríkjanna sem hafi unnið út frá þeirri hugmyndafræði í innflytjendamálum að „halda kjafti og samþykkja“. Hæddist hann svo að þessum forsetum. En líklega voru þetta ummælin sem voru hvað umdeildust:



Tucker Carlson

„Okkur ber siðferðileg skylda til að taka við hinum fátæku, hvaðanæva að úr veröldinni, reyna þeir að segja okkur. Þótt það geri þjóð okkar fátækari, skítugri og klofnari.“

Auglýsing Pacific Life kom beint í kjölfarið af þessum inngangsorðum. Það leist stjórnendum fyrirtækisins afar illa á. **– smj**

*Veislan verður betri.*

*Saumaklúbburinn verður betri.*

*Afmælið verður betra.*

*Jólaboðið verður betra.*




Carr's

***Það verður allt betra með Carr's.***

# Gulu vestin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það eru ýmsir sem vilja gerast alvöru mótmælendur og fara um brjótandi og bramlandi, eins og stundað hefur verið í Frakklandi síðustu vikur. Þar klæðast mótmælendur gulum vestum og ganga um höfuðborg sína og velta bílum og kveikja í þeim, brjóta rúður verslana og fyrirtækja og slást við lögreglumenn. Meðan á þessum átökum stendur geta friðsamir borgarar lítið annað gert en haldið sig innan dyra. Þeim er ekki óhætt að fara út. Með sanni má þetta kallast ömurlegt ástand sem enginn ætti að þurfa að búa við. Allir ættu að eiga auðvelt með að setja sig í spor fólks sem óttast um öryggi sitt og sinna vegna djöfulgangs óeirðaseggja.

Gulu vestin eru orðin tákn um ofbeldisfull mótmæli sem enginn ætti að vera stoltur af. Verkalýðsforingjarnir Ragnar Þór Ingólfsson og Vilhjálmur Birgisson virðast hins vegar horfa til hinna frönsku mótmælenda með velþóknun og jafnvel vott af öfund. Báðir hafa stoltir tilkynnt að þeir hafi pantað sér gul vesti. Eins og við var að búast hafa vestin sömuleiðis gert lukku innan Sósíalistaflokksins þar sem þau hafa verið til sölu. Á þeim kontór er beðið með mikilli óþreyju eftir byltingunni. Hætt er við að sú bið verði æði löng, ef ekki bara endalaus.

Íslenska þjóðin er engan veginn í byltingarhugleiðingum, þótt einstaka hópar láti sig dreyma um annað og dundi við það flestum stundum að fara með frasakennt söngl og ofurþreytandi stagl úr handbókum kommúnismans. Þjóðin fylgir þessum hópum ekki að málum. Hún kærir sig alls ekki um mótmæli í anda þeirra sem stunduð eru í París og setur ekki á stall ofbeldisfulla mótmælendur sem skemma og skaða. Slíkir mótmælendur verða aldrei fulltrúar venjulegs fólks, þótt þeir hafi sjálfir stór orð um að þeir séu það einmitt. Um leið og þeir segjast starfa í þágu góðs málstaðar og í baráttu fyrir fólkið eru þeir eru að skaða náungann með því að eyðileggja eigur hann.

Það er ekkert aðdáunarvert við ofbeldisfull mótmæli. Gulu vestin eru ekki tákn um baráttuhug og vilja til að breyta hlutum til hins betra. Þau eru tákn um ofbeldisaðgerðir sem allt siðað fólk hlýtur að hafa skömm á. Í ljósi þess getur það ekki talist lofsvert framtak að panta sér gult vesti og furðulegt að stæra sig af því.

Merkilegt er að fólk sem er í forsvari verkalýðshreyfingar hér á landi og segist vilja breyta hlutum til batnaðar skuli líta til þessa ofbeldisfullu mótmælenda í París með lotningu og sjá í þeim sannar fyrirmyndir. Hugsun þessa fólks virðist vera: „En sniðugt, svona þurfum við einmitt að gera á Íslandi!“ Verkalýðsforingjarnir verða að átta sig á og viðurkenna að það er engan veginn í þágu almennings á Íslandi að hér skapist upplausn og sundrung, hvað þá að gripið verði til ofbeldisfullra mótmæla.

Hinir herskáu verkalýðsforingjar hér á landi myndu gera vel í því að taka sinnuskiptum. Heppilegt væri að byrja á því að sýna auðmýkt með því að pakka niður gulu vestunum sínum og viðurkenna að hafa hlaupið illilega á sig.

> **Gulu vestin eru orðin tákn um ofbeldisfull mótmæli sem enginn ætti að vera stoltur af.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Geymið vestin**
Fjöldi fólks ætlar að mæta í héraðsdóm síðdegis og styðja Báru Halldórsdóttur þegar hún mætir þangað til yfirheyrslu. Í ávarpi á stuðningssíðu hennar á Facebook er fólk beðið um að láta öll mótmæli bíða þar sem tilgangurinn er að „sýna samhug og samstöðu“. Í þessu ljósi er ósk Báru um að fólk komi ekki í gulum vestum komið á framfæri. Líklega þykir vissara að slá þennan varnagla til þess að popúlískir verkalýðsleiðtogar og krónískir mótmælendur hræri ekki saman samstöðu og mótmælum eftir að þeir ákváðu að fylla flokk leikskólabarna með því að tjá hug sinn með sjálflýsandi vestum að hætti franskra mótmælenda.

**Hugarfarssaga fyrir byrjendur**
Í gær deildi Sigmundur Davíð Gunnlaugsson áhugaverðri fantasíu huldupenna þar sem glímt er við þá brennandi spurningu hvort þingfólki VG og Samfylkingar hefði verið strokið með silkihönskum hefðu þau náðst á upptöku í sama stuði og drykkjugengi Sigmundar í Miðflokknum. Sérkennilegt útspil í ljósi alls sem á undan er gengið og sagnfræðingurinn Stefán Pálsson bendir á Facebook á að þessi boðskapur Sigmundar verði talinn mikilvæg heimild um hugarfarssögu: „... reyndar aðallega um sögu hugarfars ákveðins einstaklings - en engu að síður!“
thorarinn@frettabladid.is

# Ívilnun vegna kolefnisbindingar



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður Vinstri grænna

Mikilvægi kolefnisbindingar í jarðvegi og gróðri er alþekkt. Hér á landi er unnt að binda milljónir tonna af kolefni úr kolefnisgösum (gróðurhúsalofttegundum) á ári, þegar fram í sækir. Losun nú á Íslandi, að slepptu útstreymi úr framræstu eða illa förnu landi, frá flugvélum og orkufrekum iðnaði, er tæplega 5 milljón tonn á ári. Það bíður okkar margþætt verkefni við að minnka alla losun og binda kolefni að auki.

Ríkið leikur stórt hlutverk í þessum efnum, ásamt sveitarfélögum og almenningi. Að auki verða fyrirtæki, stofnanir og félög að taka til höndum. Samanlagt eru framlög allra annarra en ríkisins, þungvægust í andófinu gegn hraðri loftslagshlýnun. Ríkisvaldið hvetur vissulega til dáða í ótal tilvikum, liðkar fyrir og leggur fram fé til margvíslegra verkefna, ríkisstjórnir setja fram stefnur og markmið í nafni samfélagsins. Núverandi ríkisstjórn stendur við sín markmið.

Ég hef lagt til vinnslu á Alþingi breytingartillögu við lög um tekjuskatt, í samráði við ráðherra, til þess að ívilna lögaðilum, leggi þeir fram fé til kolefnisbindingar, til dæmis skógræktar með ræktendum eða Kolviði og/eða endurheimtar votlendis með Landgræðslunni eða Votlendissjóði. Þannig geta aðilar í atvinnurekstri talið fram greiðslur til bindiverkefna, allt að 0,85% tekna, sem verða undanþegnar tekjuskatti. Í reglugerð verður kveðið nánar á um kröfur um upplýsingaskil þegar gerð er grein fyrir svona framlögum. Meðal annars er æskilegt að framlögin séu liður í umhverfis- eða loftslagsstefnu þess sem bindur kolefni með þessum hætti. Margir þingmenn flytja tillöguna með mér og er það til marks um þverpólitískan vilja á Alþingi. Vonandi nýta margir ívilnunina þegar tillagan, vonandi óbreytt, verður að veruleika.

> **Þannig geta aðilar í atvinnurekstri talið fram greiðslur til bindiverkefna, allt að 0,85% tekna, sem verða undanþegnar tekjuskatti.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Jólin, börnin og dótið

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Á 17. júní fyrir tveimur árum gengum við hjónin að nálægum hátíðarhöldum með son okkar, þá sjö ára. Við vorum í hátíðarskapi og það var að sjálfsögðu rigning eins og alltaf á 17. júní. Þegar komið var inn á hátíðarsvæðið stungum við upp á því við son okkar að hann fengi flotta gasblöðru. Við skyldum kaupa handa honum eina slíka. Svar hans kom okkur verulega, og skemmtilega, á óvart. „Til hvers að kaupa blöðru?“ spurði sonur okkar af fyllstu einlægni. „Ég mun bara missa hana og hún fer upp í loftið og þá eruð þið bara búin að henda peningunum ykkar í ruslið.“

Við vorum kjaftstopp. Auðvitað var þetta alveg rétt hjá stráknum. Til hvers að kaupa blöðru? Við foreldrarnir vorum þarna afhjúpaðir sem fortakslausir bruðlarar. Við vorum sem sagt virkilega til í að spandera pening í eitthvað sem gat bara puðrast út í loftið á einni svipstundu eða sprungið í drasl áður en maður veit af. Hvílík endemis vitleysa.

**Vaxandi nægjusemi**

Við höfum hlegið að þessu atviki töluvert, og sagt öðrum þessa sögu við þónokkra kátínu. Samræðan sem spinnst yfirleitt í kjölfarið við fólk er nokkuð áhugaverð. Margir hafa svipaða hluti að segja af börnum sínum. Það virðist eins og nægjusemi hafi á einhvern hátt síast inn í vitundarlíf barna okkar, án þess að við foreldrarnir höfum beinlínis gert neitt til að stuðla að svo jákvæðri þróun. Mögulega er að vaxa upp kynslóð sem vill ekki drasl.

Þótt Ninja Turtle plastkarlar slái vissulega í gegn stundum, eða eitthvað annað álíka — barndómurinn er sem betur fer enn smá samur við sig — virðist tíðarandinn almennt vera að breytast í rétta átt hvað efnishyggju varðar. Hún er að minnka. Ég er viss um að nú um jólin deila margir foreldrar þeirri reynslu, að hafa þráspurt krakkana um það hvað þeir vilja í jólagjöf, en svörin eru lítil sem engin. „Ég veit það ekki,“ er algengt svar. Ein spurði dóttur sína hvort hún vildi ekki nýja úlpu. „Neihei,“ svaraði unglingsstúlkan hneyksluð. „Ég á fína úlpu.“ Sú úlpa er um fimmtán ára gömul, sem frænka hennar átti áður. Ljómandi fín bara.

> **Að fylla húsin af drasli var nánast trúarleg nauðsyn. Það var leiðin til að sýna að tímarnir voru breyttir. Neytandinn varð til, fjöldaframleiðslan og sölumennskan**

**Grænt símaborð úr plasti**

Ég get viðurkennt að, að ég stend sjálfan mig að því að vilja mjög mikið kaupa snjalldróna á tuttuguogfimmþúsund kall og gefa öðru hvoru barninu. Hvötin er til staðar. Ef ég fyndi vott af slíkum áhuga myndi ég rjúka til. Ég sjálfur myndi svo vafalítið leika mér jafnmikið með dótið. Svo færi það upp í hillu í byrjun febrúar, niður í geymslu árið 2021 og á Sorpu í kringum 2030. Í minni bernsku langaði mann í dót og maður fékk dót og gaf dót. Fyrsta gjöfin sem ég keypti sjálfur og gaf — frá mér til mömmu og pabba — var mesta drasl í heimi. Ég gerði mér ferð í strætó alveg sjálfur inn í verslunina Magasín í Kópavogi. Þar hafði ég séð grænt símaborð úr plasti. Mér fannst það fyrirtak. Hægt var að setja penna í það, skrifblokk og svo símaskrána undir símann. Það var líka auðvelt að setja það saman. Ég keypti þetta stoltur og pakkaði inn í leyni. Barnshjartað sló ört þegar gjöfin var opnuð. Þakklætið og undrunin var fölskvalaus. Ég efast ekki um það. Barnið hafði keypt gjöf, alveg sjálft. Símaborðið var sett upp við hátíðlega athöfn. Ég horfði á það á jóladag fullur gleði en þó hvíslaði að mér lítill efasemdarpúki að kannski væri það full stórt og klunnalegt. Í rauninni var það forljótt. Um miðjan janúar var það horfið. Skömmu síðar fann ég það niðri í geymslu.



**Ekki missa sig**

Kynslóðin mín er afkvæmi fyrstu kynslóðar á mölinni. Við erum barnabörn fólksins í sveitunum, sem ólst upp við það að gúmmístígvél voru það mergjaðasta sem hægt var að hugsa sér. Eftir stríð fór neysluhyggjan á flug. Fólk var komið í hús með hita. Hver með sitt herbergi. Að fylla húsin af drasli var nánast trúarleg nauðsyn. Það var leiðin til að sýna að tímarnir voru breyttir. Neytandinn varð til, fjöldaframleiðslan og sölumennskan.

Börnin okkar alast upp í öðrum tíðaranda. Leikskólarnir hafa kennt þeim að föndra gjafir handa mömmu og pabba og að það er hugurinn sem skiptir máli. Kertastjakar og leirhestar — jólagjafir barnanna í gegnum tíðina — sitja á hillunum og fara líklega aldrei niður í geymslu. Virði þeirra er margfalt á við dót úr búð.

Með hverjum jólum sem renna upp finnst mér ég læra þetta betur og betur: Allir vilja gjafir. Börnin vilja gjafir. Það er gaman að gefa. Það er gaman að fá gjafir. En það er algjör óþarfi að missa sig. Ég veit það er klisja, en hún er sönn: Það er kærleikurinn að baki sem skiptir mestu máli.





Frönsku Evrópumeistararnir. Frakkar fagna eftir að hafa lagt Rússa að velli í úrslitaleik Evrópumótsins 2018 sem fór fram í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Evrópumeistarar í fyrsta sinn

**Franska kvennalandsliðið í handbolta varð Evrópumeistari í gær eftir þriggja marka sigur á Rússlandi, 24-21, í úrslitaleik. Frakkar eru einnig ríkjandi heimsmeistarar en síðasta ár hefur verið magnað hjá liðinu.**

**HANDBOLTI** Mikill fögnuður braust út meðal áhorfenda í AccorHotels höllinni í París eftir að lokaflautið í úrslitaleik EM-kvenna 2018 í handbolta milli Frakklands og Rússlands gall. Frakkar unnu þriggja marka sigur, 24-21, og urðu þar með Evrópumeistarar í fyrsta sinn í kvennaflokki.

Síðustu tólf mánuðir hafa verið frábærir hjá franska liðinu. Fyrir nákvæmlega einu ári varð Frakkland heimsmeistari í annað sinn eftir sigur á Noregi, 23-21, í úrslitaleik í Hamborg. Frakkar fylgdu árangrinum á HM í Þýskalandi svo eftir með því að verða Evrópumeistarar í fyrsta sinn í gær.

Frakkland og Rússland mættust einnig í riðlakeppninni á EM þar sem Rússar höfðu betur, 23-26. Frakkar náðu hins vegar fram hefndum í úrslitaleiknum.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Frakkar leiddu með einu marki, 13-12, að honum loknum. Í þeim seinni sýndu heimakonur styrk sinn. Líkt og gegn Hollandi í undanúrslitunum var franska vörnin þétt og hún sköp sigurinn gegn rússnesku Ólympíumeisturunum í gær. Rússar komust lítt áleiðis og skoruðu aðeins níu mörk í seinni hálfleik.

> Franska kvennalandsliðið hefur unnið til þrenna gullverðlauna á stórmótum.

Alexandra Lacrabère var markahæst í franska liðinu í úrslitaleiknum með sex mörk. Estelle Nze Minko, markahæsti leikmaður Frakka á mótinu, skoraði fjögur mörk. Alls komust tíu leikmenn Frakklands á blað í gær. Anna Vyakhireva, sem var valin besti leikmaður EM, skoraði sjö mörk fyrir Rússland. Hún skoraði samtals 20 mörk í undanúrslitunum og úrslitaleiknum.

Holland vann Rúmeníu í leiknum um 3. sætið, 24-20. Hollendingar hafa náð í fern verðlaun á stórmótum frá 2015. ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Selfoss - Akureyri 28-34**
**Markahæstir:** Einar Sverrisson 5/2, Guðjón Baldur Ómarsson 5 - Ihor Kopyshynskyi 11/3, Hafþór Vignisson 7, Garðar Már Jónsson 5, Gunnar Valdimar Johnsen 5.

**Stjarnan - ÍBV 27-28**
**Markahæstir:** Egill Magnússon 7, Garðar B. Sigurjónsson 6, Aron Dagur Pálsson 6/4 - Theodór Sigurbjörnsson 11/2, Fannar Þór Friðgeirsson 7, Kári Kristján Kristjánsson 3.

**Haukar - KA 33-28**
**Markahæstir:** Atli Már Báruson 10/2, Daníel Ingason 6, Adam Haukur Baumruk 5, Orri Freyr Þorkelsson 5 - Áki Egilsnes 8, Tarik Kasumovic 6, Allan Norðberg 5.

**Fram - FH 25-27**
**Markahæstir:** Andri Heimir Friðriksson 5, Andri Þór Helgason 5/2, Valdimar Sigurðsson 4 - Birgir Már Birgisson 6, Einar Rafn Eiðsson 6/1, Ágúst Birgisson 5, Ásbjörn Friðriksson 5/1.

**Grótta - Valur 9-21**
**Markahæstir:** Vilhjálmur Geir Hauksson 2, Hannes Grimm 2 - Anton Rúnarsson 6/4, Róbert Aron Hostert 5, Stiven Tobar Valencia 3, Vignir Stefánsson 3.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 20 | Stjarnan | 12 |
| Haukar | 19 | KA | 10 |
| Selfoss | 18 | ÍR | 9 |
| FH | 18 | Akureyri | 8 |
| Afturelding | 15 | Fram | 7 |
| ÍBV | 12 | Grótta | 6 |

### Geysisbikar karla

| | |
|---|---|
| ÍR - ÍA | 104-73 |
| KR b - KR | 54-129 |
| Grindavík - Njarðv. b | 107-80 |
| Vestri - Haukar | 87-83 |
| Tindastóll - Fjölnir | 97-71 |
| Skallagrímur - Selfoss | 79-72 |
| Hamar - Stjarnan | 89-104 |

### Geysisbikar kvenna

| | |
|---|---|
| Njarðvík - Skallagr. | 62-91 |
| Stjarnan - KR | 82-64 |
| ÍR - Keflavík b | 63-62 |
| Þór Ak. - Snæfell | 36-110 |
| Tindastóll - Breiðabl. | 64-107 |







## LG OLED TILBOÐ

# JÓLAMYNDIN EINS OG HÚN Á AÐ VERA!

OLED Ultra Premium sjónvarp með Perfect Black Advanced HDR myndtækni með Dolby Vision ásamt öflugu Dolby Atmos hljóðkerfi, webOS 4.0 netviðmóti og Magic Remote.

LG-OLED55B8

**LG 55" OLED SJÓNVARP**

~~279.990~~ KR. **TILBOÐ 249.990 KR.**

LG-OLED65B8

**LG 65" OLED SJÓNVARP**

~~439.990~~ KR. **TILBOÐ 399.990 KR.**

**BETRA BORGAR SIG**

Opið alla daga til jóla.

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 17. umferðar 2018-19**

**Man. City - Everton 3-1**
1-0 Gabriel Jesus (22.), 2-0 Jesus (50.), 2-1 Dominic Calvert-Lewin (65.), 3-1 Raheem Sterling (69.).

**C. Palace - Leicester 1-0**
1-0 Luka Milivojevic (39.).

**Huddersfield - Newcastle 0-1**
0-1 Salomón Rondón (55.).

**Tottenham - Burnley 1-0**
1-0 Christian Eriksen (90+1.).

**Watford - Cardiff 3-2**
1-0 Gerard Deulofeu (16.), 2-0 José Holebas (52.), 3-0 Domingos Quina (68.), 3-1 Junior Hoilett (80.), 3-2 Bobby Reid (82.).

**Wolves - Bournemouth 2-0**
1-0 Raúl Jiménez (12.), 2-0 Ivan Cavaleiro (90+4.).

**Fulham - West Ham 0-2**
0-1 Robert Snodgrass (17.), 0-2 Michail Antonio (29.).

**Brighton - Chelsea 1-2**
0-1 Pedro (17.), 0-2 Eden Hazard (33.), 1-2 Solly March (66.).

**Southampton - Arsenal 3-2**
1-0 Danny Ings (20.), 1-1 Henrikh Mkhitaryan (28.), 2-1 Ings (44.), 2-2 Mkhitaryan (53.), 3-2 Charlie Austin (85.).

**Liverpool - Man. Utd. 3-1**
1-0 Sadio Mané (24.), 1-1 Jesse Lingard (33.), 2-1 Xherdan Shaqiri (73.), 3-1 Shaqiri (80.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Liverpool | 17 | 14 | 3 | 0 | 37-7 | 45 |
| Man. City | 17 | 14 | 2 | 1 | 48-10 | 44 |
| Tottenham | 17 | 13 | 0 | 4 | 31-16 | 39 |
| Chelsea | 17 | 11 | 4 | 2 | 35-14 | 37 |
| Arsenal | 17 | 10 | 4 | 3 | 37-23 | 34 |
| Man. Utd. | 17 | 7 | 5 | 5 | 29-29 | 26 |
| Wolves | 17 | 7 | 4 | 6 | 19-19 | 25 |
| Everton | 17 | 6 | 6 | 5 | 24-22 | 24 |
| West Ham | 17 | 7 | 3 | 7 | 25-25 | 24 |
| Watford | 17 | 7 | 3 | 7 | 23-25 | 24 |
| B'mouth | 17 | 7 | 2 | 8 | 25-28 | 23 |
| Leicester | 17 | 6 | 4 | 7 | 21-21 | 22 |
| Brighton | 17 | 6 | 3 | 8 | 20-24 | 21 |
| Newcastle | 17 | 4 | 4 | 9 | 14-22 | 16 |
| C. Palace | 17 | 4 | 3 | 10 | 14-23 | 15 |
| Cardiff | 17 | 4 | 2 | 11 | 17-33 | 14 |
| S'oton | 17 | 2 | 6 | 9 | 16-32 | 12 |
| Burnley | 17 | 3 | 3 | 11 | 15-33 | 12 |
| Huddersf. | 17 | 2 | 4 | 11 | 10-28 | 10 |
| Fulham | 17 | 2 | 3 | 12 | 16-42 | 9 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Var í byrjunarliði Everton sem tapaði 3-1 fyrir Englandsmeisturum Manchester City. Tekinn af velli á 81. mínútu.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Frá vegna meiðsla og lék ekki með Burnley í 1-0 tapi fyrir Tottenham á Wembley.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Lék fyrstu 78 mínúturnar þegar Cardiff tapaði 3-2 fyrir Watford á útivelli.

Reading
**Jón Daði Böðvarsson**

Búinn að ná sér af meiðslum og kom inn á í jafntefli Reading og Rotherham.

Aston Villa
**Birkir Bjarnason**

Er enn á meiðslalistanum og lék ekki með Aston Villa í 2-2 jafntefli við Stoke.



**Má ég heyra í ykkur? Xherdan Shaqiri drekkur í sig stemninguna á Anfield. Sá svissneski gerði gæfumuninn gegn Manchester United.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Svissneski vasahnífurinn

**Xherdan Shaqiri stal senunni þegar Liverpool endurheimti toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar með 3-1 sigri á Manchester United í gær. Svisslendingurinn hefur reynst Rauða hernum gríðarlega mikilvægur í vetur.**

**FÓTBOLTI** Kaupin á Xherdan Shaqiri féllu í skuggann af öðrum sumarkaupum Liverpool. Naby Keïta, Fabinho og Alisson voru allir keyptir á háar fjárhæðir og miklar væntingar voru gerðar til þeirra. Liverpool greiddi hins vegar aðeins 13,5 milljónir punda fyrir Shaqiri sem kom frá Stoke City sem féll úr ensku úrvalsdeildinni. En Shaqiri hefur heldur betur reynst Liverpool dýrmætur, aldrei eins og í leiknum gegn Manchester United á Anfield í gær.

Þetta var fyrsti sigur Liverpool á United í ensku úrvalsdeildinni síðan 2014 þegar David Moyes var við stjórnvölinn hjá Manchester-liðinu og Brendan Rodgers stýrði Rauða hernum. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem Jürgen Klopp stýrir Liverpool til sigurs á United í deildarleik.

Liverpool var miklu sterkari aðilinn í leiknum í gær og sóknirnar buldu á marki United. Sadio Mané kom Liverpool yfir á 24. mínútu þegar hann afgreiddi frábæra sendingu Fabinho í netið. Níu mínútum jafnaði Jesse Lingard metin, þvert gegn gangi leiksins, eftir mistök Alisson í marki Liverpool. Staðan var 1-1 í hálfleik.

Heimamenn héldu áfram að þjarma að gestunum í seinni hálfleik en náðu ekki að koma boltanum fram hjá David De Gea. Á 70. mínútu gerði Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, fyrstu breytinguna á byrjunarliði sínu, tók Keïta af velli og setti Shaqiri inn á.

Aðeins 144 sekúndum síðar fékk Svisslendingurinn boltann hægra megin í vítateig United og lét vaða. Boltinn fór í Ashley Young, slána og inn. Á 80. mínútu gulltryggði Shaqiri sigur Liverpool með sínu öðru marki. Aftur fór boltinn í varnarmann United (Eric Bailly) á leiðinni í markið. Mögnuð innkoma hjá Svisslendingnum smávaxna sem hefur skorað fimm mörk og gefið tvær stoðsendingar á tímabilinu.

Shaqiri hefur aðeins sjö sinnum verið í byrjunarliði Liverpool í ensku úrvalsdeildinni og einungis leikið 627 mínútur. En hann hefur nýtt spiltímann sinn með eindæmum vel. Hann er tólfti leikmaðurinn í liði Liverpool, ef svo má segja.

Sannkallaður svissneskur vasahnífur sem getur leyst ýmsar stöður. Alltaf tilbúinn og getur breytt gangi leikja með hæfileikum sínum. Þeir hafa aldrei verið dregnir í efa en ferill Shaqiri hefur ekki alltaf verið dans á rósum.

Eftir að hafa slegið í gegn með Basel var hann keyptur til Bayern München þar sem hann fékk fá tækifæri, enda í samkeppni við leikmenn á borð við Arjen Robben og Franck Ribéry. Shaqiri var lánaður til Inter áður en hann var seldur til Stoke. Hann gerði lítið fyrstu tvö tímabilin hjá Stoke en á síðasta tímabili skoraði hann átta mörk og gaf sjö stoðsendingar. Það dugði þó skammt því Stoke féll úr ensku úrvalsdeildinni.

Núna er Shaqiri kominn í topplið sem stefnir hátt. Liverpool er enn taplaust í ensku úrvalsdeildinni, hefur fengið 45 stig af 51 mögulegu og er með 14 stigum meira en á sama tíma í fyrra. Varnarleikurinn er miklum mun betri en Liverpool hefur aðeins fengið á sig sjö mörk í 17 deildarleikjum og haldið tíu sinnum hreinu.

Þessu er öfugt farið hjá United sem hefur fengið á sig 29 mörk, einu meira en allt síðasta tímabil. David De Gea hélt hreinu oftast allra markvarða ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili (19 sinnum) en hann hefur aðeins haldið marki sínu tvisvar sinnum hreinu á þessu tímabili. United er aðeins með 26 stig í 6. sæti deildarinnar og hefur ekki farið jafn illa af stað frá tímabilinu 1990-91.

United er 19 stigum á eftir Liverpool en munurinn á þessum liðum hefur aldrei verið jafn mikill eftir 17 umferðir í efstu deild. Í dag er himinn og haf á milli þessara liða.

**ingvithor@frettabladid.is**

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Liverpool komst aftur á topp ensku úrvalsdeildarinnar eftir 3-1 sigur á Manchester United á heimavelli. Rauði herinn hefur ekki enn tapað leik á tímabilinu og gefur ekkert eftir í toppbaráttunni. Stuðningsmenn Liverpool leyfa sér að dreyma um fyrsta meistaratitilinn síðan 1990.

**Hvað kom á óvart?**
Eftir 22 leiki án taps lá Arsenal fyrir Southampton á útivelli. Þetta var aðeins annar sigur Dýrlinganna á tímabilinu og með honum komust þeir upp úr fallsæti. Fyrsti heimaleikurinn undir stjórn Ralphs Hassenhüttl hefði ekki getað farið betur.

**Mestu vonbrigðin**
Manchester United fékk nákvæmlega það sem það átti skilið á Anfield: núll stig. Liverpool var miklu betri og átti 36 skot gegn sex skotum United. Aðeins tvö skota gestanna fóru á markið. United hefur ekki byrjað jafn illa í 28 ár og José Mourinho situr í heitu sæti.

## Leikmaður helgarinnar



Danny Ings skoraði tvívegis þegar Southampton vann 3-2 sigur á Arsenal í gær. Þetta var aðeins annar sigur Dýrlinganna í ensku úrvalsdeildinni í vetur og sá fyrsti undir stjórn Ralphs Hassenhüttl sem stýrði Southampton í fyrsta sinn á heimavelli í gær.

Ings kom Southampton yfir á 20. mínútu þegar hann skallaði fyrirgjöf Matts Targett í netið. Henrikh Mkhitaryan jafnaði fyrir Arsenal á 33. mínútu. Skömmu fyrir hálfleik skoraði Ings sitt annað mark með kollspyrnu eftir fyrirgjöf Nathans Redmond. Mkhitaryan jafnaði aftur á 53. mínútu og allt stefndi í jafntefli. En þegar fimm mínútur voru til leiksloka skoraði Charlie Austin, sem kom inn á sem varamaður fyrir Ings, sigurmark Southampton.

Ings, sem er á láni hjá Southampton frá Liverpool, hefur skorað sex mörk í tólf deildarleikjum á tímabilinu. – iþs

# Þetta er ekki sama hraðaupphlaupsveislan

**Óðinn Þór Ríkharðsson hefur fundið sig vel á sínu fyrsta tímabili með danska úrvalsdeildarliðinu GOG. Hann hefur þurft að venjast öðruvísi leikstíl en þegar hann lék á Íslandi og fær ekki jafn mörg hraðaupphlaup. GOG er í toppbaráttu og stefnan er sett á að vinna titla í vetur. Óðin dreymir um að komast á HM.**

**HANDBOLTI** Óðinn Þór Ríkharðsson skoraði fimm mörk þegar GOG bar sigurorð af Bjerringbro-Silkeborg, 19-24, í dönsku úrvalsdeildinni á laugardaginn. Óðinn hefur leikið vel með GOG að undanförnu og var m.a. valinn í lið 16. umferðar dönsku deildarinnar eftir frammistöðu sína í 31-26 sigri á Mors-Thy þar sem hann skoraði átta mörk úr jafnmörgum skotum.

GOG hefur leikið vel í vetur og situr í 2. sæti dönsku deildarinnar með 27 stig, einu stigi á eftir toppliði Aalborg. Óðinn kveðst ánægður með hvernig fyrsta tímabilið í atvinnumennsku hefur farið af stað.

„Ég er mjög sáttur. Við höfum verið flottir og mér finnst mér hafa gengið vel. Þetta er mjög þægilegt hérna og við erum í toppbaráttu eins og við stefndum að,“ sagði Óðinn í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir að GOG og danska deildin hafi staðist sínar væntingar og gott betur.

„Algjörlega og umfram það. Deildin er mjög sterk og jafnvel sterkari en ég hélt,“ sagði hinn 21 árs gamli Óðinn sem lék með FH í tvö ár áður en hann hélt út til Danmerkur.

Þegar hornamaðurinn markheppni samdi við GOG talaði hann um að leikstíll liðsins hentaði sér vel. GOG spilaði hratt og á háu tempói og fyrir vikið væru hraðaupphlaupin mörg. Óðinn segir þó að hann fái ekki jafn mörg færi í hraðaupphlaupum og hann gerði hér heima þar sem meirihluti marka hans komu úr hröðum sóknum. Þess í stað fengi hann fleiri færi úr horninu í uppstilltum sóknarleik en hér heima.

„Við spilum hratt og það hentar mér vel. En þetta er ekki sama hraðaupphlaupsveislan og á Íslandi. Ég fæ fleiri færi úr horninu en þetta er samt mesta hraðaupphlaupsliðið í dönsku deildinni,“ sagði Óðinn.



Óðinn Þór Ríkharðsson í leik með íslenska landsliðinu. Hann er í stóra HM-hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hann kveðst ánægður með hvernig gengið hefur að nýta færin sem hann fær í uppstilltum sóknum. Óðinn hefur alls skorað 54 mörk í dönsku deildinni á tímabilinu. Skotnýtingin er 74%.

Eins og áður segir er GOG aðeins einu stigi frá toppsæti dönsku deildarinnar. Óðinn segir að liðið stefni hátt.

„Aðalmarkmiðið er að vinna titil í vetur og við ætlum að gera það,“ sagði Óðinn.

GOG á tvo leiki eftir áður en jóla- og HM-fríið tekur við, einn í deild og einn í bikar. Óðinn var valinn í 28 manna HM-hóp Guðmundar Guðmundssonar. Hann vonast að sjálfsögðu til að vera í 16 manna hópnum sem fer á HM sem fer fram í Danmörku og Þýskalandi.

> Ég er mjög sáttur. Við höfum verið flottir og mér finnst mér hafa gengið vel. Þetta er mjög þægilegt hérna og við erum í toppbaráttu eins og við stefndum að.
>
> Óðinn Þór Ríkharðsson

„Ég hef allavega spilað vel og er í góðu liði. Ég vona bara það besta og þetta kemur í ljós. En draumurinn er að komast á HM,“ sagði Óðinn.

Hann er einn þriggja hægri hornamanna í 28 manna hópnum, ásamt Arnóri Þór Gunnarssyni og Sigvalda Guðjónssyni. Tuttugu manna æfingahópur landsliðsins verður tilkynntur á miðvikudaginn.

ingvithor@frettabladid.is

## Snæfríður og Anton með met

**SUND** Snæfríður Sól Jórunnardóttir setti nýtt Íslandsmet í 200 m skriðsundi í 25 m laug um helgina. Snæfríður keppti með liði sínu, AGF, í dönsku bikarkeppninni og synti fyrsta sprett í boðsundi. Hún kom í bakkann á 1:58,57 mínútum og sló þar með ellefu ára gamalt Íslandsmet Sigrúnar Brár Sverrisdóttur um 48 hundraðshluta úr sekúndu.

Anton Sveinn McKee lauk keppni á HM í 25 m laug í Hangzhou í Kína með því að synda á 26,74 sekúndum í undanrásum í 50 m bringusundi. Hann sló þar með eigið Íslandsmet sem hann setti með millitímanum 26,98 sekúndum í 100 m bringusundi á þriðjudag. Anton bætti einnig Íslandsmetin í 100 og 200 m bringusundi á HM í Hangzhou. – iþs

## Mæta Spáni í HM-umspili

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir því spænska í umspili um sæti á HM í Japan á næsta ári. Dregið var í umspilið á laugardaginn. Í umspilinu er leikið heima og að heiman. Fyrri leikirnir fara fram 31. maí til 2. júní og þeir seinni 4. til 6. júní.

Ísland tryggði sér sæti í umspilinu með því að vera með bestan árangur liðanna í 2. sæti riðlanna í undankeppni HM sem fór fram um síðustu mánaðamót.

Íslenska kvennalandsliðið hefur einu sinni komist á HM; í Brasilíu 2011. Þá lenti Ísland í 12. sæti. – iþs


Komdu **jólunum** til skila í tíma



Öruggir skiladagar innanlands:

| | |
|---|---|
| 17. des | Bréf |
| 19. des | Pakkar |

Upplýsingar um afgreiðslutíma og aðra örugga skiladaga má finna á postur.is/jol

PÓSTURINN

## Merkisatburðir

**1892** Fyrsta tölublað Vogue kemur út.

**1903** Fyrsta flug Wright bræðra.

**1914** Tyrknesk yfirvöld reka gyðinga úr Tel Avív.

**1957** Bandaríkjamenn skjóta fyrstu langdrægu eldflauginni á loft.

**1970** Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kom til landsins.

**1975** Heimsminjaskrá **UNESCO** tók gildi með samþykkt 20 ríkja.

**1983** Áttatíu og þrír farast þegar eldur kom upp á skemmtistað í Madrid.



**1985** Brú frá Bústaðavegi yfir Kringlumýrarbraut var opnuð.

**1986** Bandaríski raðmorðinginn Richard Kuklinski er handtekinn.

**1989** **The Simpsons** hefur göngu sína í sjónvarpi.

**2006** Fréttaskýringaþátturinn Kompás fjallar um hneyksli í tengslum við meðferðarheimilið Byrgið.

**2013** Angela Merkel er kjörin kanslari Þýskalands í þriðja skipti.



†

Ástkær faðir minn, afi, bróðir og mágur,

**Birgir Alfreðsson**

málarameistari,

lést að dvalarheimilinu Dalbraut 9. desember. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 13.

**Ingibjörg Jóna Birgisdóttir**
**Erla Alfreðsdóttir**
**Sverrir Halldór Valgeirsson**
**Ásgeir Þorvaldsson**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Valtýr Björgvin Grímsson**

Blómvangi 14, Hafnarfirði,

lést 8. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 19. desember kl. 13.

**Auður Þórhallsdóttir**
**Helga Valtýsdóttir**
**Sigurður S. Antonsson**
**Hugrún Valtýsdóttir**
**Jón Ingi Björnsson**
**Guðmunda Björk Hjaltested**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



Otto Hahn, sem í dag er oft kallaður faðir kjarnefnafræðinnar, var fremsti efnafræðingur veraldar um miðja síðustu öld.

# Hornsteinn lagður að atómöldinni

**Áttatíu ár eru síðan Otto Hahn, Fritz Strassmann og Lise Meitner uppgötvuðu kjarnaklofnun og lögðu þar með tæknilegan og fræðilegan grunn atómaldarinnar.**

Þann 17. desember árið 1938 var jólahátíðin og veisluhald ofarlega í huga flestra íbúa í þýsku borginni Mainz í Rínarlandi. Í Keiser Vilhelm rannsóknarstofnuninni í efnafræði, sem var steinsnar frá dómkirkjunni í hjarta borgarinnar, sveif annars konar andi yfir vötnum. Á meðan flestir starfsmenn stofnunarinnar voru uppteknir við jólaundirbúning hlupu tveir vísindamenn milli tilraunastofa með torkennileg tilraunaglös og heimagerða Geiger-teljara. Þetta voru þeir Otto Hahn og aðstoðarmaður hans og nemandi, Fritz Strassmann.

Hahn, sem í dag er oft kallaður faðir kjarnefnafræðinnar, var fremsti efnafræðingur veraldar á þessum tímapunkti. En í jólamánuðinum árið 1938 tókst hann á við illleysanlegt verkefni og rannsóknarniðurstöður sem virtust, að minnsta kosti við fyrstu sýn, vera með öllu óskiljanlegar.

Hahn og Strassmann ásamt austurríska eðlisfræðingnum Lise Meitner — sem var af gyðingaættum og af þeim sökum í útlegð í Svíþjóð — stóðu í nýstárlegum tilraunum sem byggðu á vinnu Enrico Fermi nokkrum árum áður, þegar hann lét hinar nýuppgötvuðu nifteindir dynja á úraníumi með þeim afleiðingum að þyngri frumefni mynduðust. Eða svo taldi Fermi, ranglega.

Í sambærilegum tilraunum, sem náðu hápunkti á þessum degi árið 1938, tók Hahn eftir því að í niðurbrotsefnum sem mynduðust við árás nifteindanna á úraníumatóm var að finna samsætur (ísótópa) frumefnisins baríum. Þessar niðurstöður komu Hahn mikið á óvart, enda var það nær einróma álit vísindamanna á þessum tíma að lítil og vanmáttug nifteind gæti aldrei klofið kjarna atóms í tvennt og myndað þannig mun léttari frumefni. Lise Meitner staðfesti á næstu dögum útreikninga Hahns.



**Fyrir 80 árum lögðu Otto Hahn, Fritz Strassmann og Lise Meitner tæknilegan og aðferðafræðilegan grunn að atómöldinni með uppgötvun kjarnaklofnunar.**

Á þessum degi fyrir 80 árum lögðu Otto Hahn, Fritz Strassmann og Lise Meitner tæknilegan og aðferðafræðilegan grunn að atómöldinni með uppgötvun kjarnaklofnunar.

Meitner áætlaði, út frá kenningum hins danska Niels Bohr, að nifteindin klyfi atómið líkt og dropa af vatni og að fráhrindikraftur dropanna sem mynduðust við klofninginn væri mikill, eða í kringum 200 MeV þegar reiknidæmið er sett upp í $E = mc2$. Þetta þýðir að hitastigið við klofning atóms er í kringum tveggja trilljóna gráðu hita á Kelvin.

Fljótlega bárust fregnir af því til Bandaríkjanna að Hahn og félagar hefðu uppgötvað kjarnaklofnun. Uppgötvunin leiddi til víðtækrar innleiðingar kjarnorku, en einnig til Manhattan-verkefnisins og fyrstu atómsprengjunnar.

Hahn kom aldrei að tilraunum nasista með kjarnavopn. Árið 1944 hlaut hann Nóbelsverðlaunin í efnafræði fyrir þessa uppgötvun og síðar meir tók hann við sem stjórnandi Keiser Vilhelm-stofnunarinnar, sem í dag kallast Rannsóknarstofnun Max Planck í efnafræði. Þar beitti Hahn sér fyrir því að kjarnavopn yrðu aldrei notuð aftur, enda blöskraði honum það mjög þegar hann komst að því á sínum tíma að uppgötvun hans hefði verið notuð til að þróa skelfilegasta vopn mannkynssögunnar.

kjartanh@frettabladid.is

# Fólk
Lífsstíll

MÁNUDAGUR 17. DESEMBER 2018




Þórhallur K. Jónsson er eigandi og framkvæmdastjóri Gott líf/Yogi.is en hans helsta áhugamál er að bæta heilsu og líðan Íslendinga. MYND/ERNIR

# Gefðu Gott líf um jólin

**Gott líf sem rekur verslunina og vefverslunina Yogi.is er ungt en þenkjandi fyrirtæki á jóga og heilsusviðinu. Í Yogi.is er vel valið úrval af frábærum jólagjöfum og allar vörur eru á 20 prósent afslætti fram að jólum.** →2






Lifeforme jógadýnurnar eru hannaðar af fagfólki sem hafði það markmið að búa til og framleiða fullkomnustu jógadýnu sem völ er á.

Yogi.is er er verslun og vefverslun sem leitast eftir að sérhæfa sig í vörum og þjónustu fyrir ástríðufulla jógaiðkendur og hugsjónafólk um góða heilsu. Þórhallur K. Jónsson er framkvæmdastjóri og eigandi Yogi.is en hann hefur verið viðloðandi fitness- og heilsubransann í vel á fjórða áratug. „Það var síðan árið 1988 sem ég stofnaði ásamt bræðrum mínum fyrirtækið Hreysti sem í dag er leiðandi fyrirtæki á fitness sviðinu en fyrir þremur árum fann ég að kominn var tími til að láta yngri kynslóðir taka við og snúa mér að næsta kafla lífs míns,“ segir Þórhallur en undanfarið hef ég einbeitt mér meira að jóga og vörum sem gagnast jógaiðkendum og þeim sem setja góða heilsu og vellíðan í fyrsta sætið. „Eftir að hafa tekið mér ágætt frí stofnaði ég fyrirtækið Gott líf til að halda utan um reksturinn og samhliða því Yogi.is sem er verslun og vefverslun með fáar en vel valdar vörur tengdar áhugasviði mínu sem er almenn hollusta, heilbrigði, úthalds- og styrktaræfingar og jóga.“

Í versluninni er hnitmiðað úrval af vönduðum jógadýnum, einnig snyrtivörur byggðar á Ayurveda fræðunum, veganvottaðir fæðuaukar og fleira. „Í Yogi.is sel ég meðal annars hina íslensk ættuðu Rope Yoga bekki og bönd til að nota við snilldaræfingarnar sem Guðni Gunnarsson hefur þróað og tilvalið er að ástunda jafnt heima og heiman,“ segir Þórhallur og bætir við: „Ég er einnig




með Liforme jógadýnur sem eru hannaðar af fagfólki sem hafði það markmið að búa til og framleiða fullkomnustu jógadýnu sem völ er á, virkilega flott vara sem kemur í sérsniðinni tösku og fallegum kassa.“

Hann nefnir fleiri þekkt og vönduð vörumerki til sögunnar, meðal annars Kulae jógadýnur og Yogo. „Ég er til dæmis með frábærar Yogo ferðajógadýnur til sölu,“ segir hann og bætir við að það sé skemmtileg saga bak við tengsl Yogi.is við Yogo. „Yogo er fyrirtæki sem er staðsett í San Francisco og eftir að við höfum samstarf sendu þau mér auglýsingamyndir sem ég mátti nota og kom síðar í ljós að aðalfyrirsætan hjá Yogo er hálfíslensk stúlka með sterk tengsl og sameiginlegan kunningsskap á Íslandi og hefur tekist með okkur ágætis samstarf.“ Fyrirsætan heitir Megan Rae og er jógakennari og lífsstílsbloggari en nánari upplýsingar um hana má sjá á Meganraeoflight.com. Jafnframt hefur Yogi.is átt farsælt samstarf við úrvals íslenska jógakennara sem nota Liforme, Kulae og Yogo ferðadýnurnar samhliða í kennslu og ferðum sínum innanlands og utan.

**Vivo Life lifrænu og veganvottuðu fæðuaukarnir eru í hæsta gæðaflokki.**

Þá nefnir Þórhallur einnig sérvalda húðvörulínu. „Ég mæli líka sérstaklega með Urban Veda sem eru margverðlaunaðar náttúrulegar húðvörur innblásnar af lögmálum Ayurveda sem skilgreinir okkur í Doshur eða Vata, Pitta og Kapha og vörurnar eru flokkaðar eftir karakter hvers og eins og jafnframt húðgerð og lagðar áherslur á samsetningu og lykt út frá þeim þáttum.“ Mjög fín vara sem skiptist í andlits- og líkamslínu og fæst á góðu verði í Yogi.is.

Síðast en ekki síst nefnir Þórhallur svo Vivo Life lífrænu og veganvottuðu fæðuaukana sem hafa sannarlega slegið í gegn á sínum heimamarkaði í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar. „Ég kynntist stofnendum Vivo Life þar sem þeir voru að stíga fyrstu skrefin fyrir tæplega þremur árum og hef fylgst með og komið að þróunarferli þeirra síðan. Þetta er virkilega metnaðarfullt og skemmtilegt fyrirtæki sem leggur áherslu á að framleiða vörur í hæsta gæðaflokki og fræða viðskiptavininn um allt sem viðkemur næringu og heilsu.“ Það má nefna að nýlega var Anna Huld Ólafsdóttir Crossfit- og kraftakona sem aðhyllist jafnframt vegan lífsstíl valin ein af fulltrúum eða andlitum Vivo Life á heimsvísu.

Yogi.is er verslun og jafnframt vefverslun með snyrtilega aðstöðu að Fákafeni 9, bakhæð, í sama húsi og t.d. Gló, Fákafeni. „Ég hef lagt áherslu á að halda öllum rekstrarkostnaði í lágmarki og tiltölulega ódýrt húsnæði er hluti af því,“ segir Þórhallur og bætir við: „Og þar af leiðandi get ég boðið vandaða vöru á sambærilegu eða betra verði en á samkeppnismörkuðum. Til dæmis býð ég 20% afslátt af allri vöru í Yogi.is versluninni, hvort sem er á staðnum eða í netversluninni, fram að jólum.“

Þórhallur sér Gott líf / Yogi.is fyrir sér sem meira en einungis hefðbundið verslunarfyrirtæki. „Ég hef þá sýn að með tíð og tíma verði þetta framsækið fyrirtæki sem leggur sig eftir að fræða viðskiptavini um almenna hollustuþætti sem tengjast mataræði, æfingum, hvíld og öllum lykilþáttum gagnvart góðri heilsu og góðu lífi og leitast eftir samvinnu við valið fagfólk til þess að stuðla að umræðu og veita leiðbeiningar um alla þætti sem koma að almennu heilbrigði.

Það er ljóst að verkefnið er risavaxið hér á Íslandi og af nógu að taka og tækifærin þá jafnframt mikil gagnvart heilsutengdum forvörnum og ekki einungis hægt að treysta á yfirhlaðið heilbrigðiskerfi. Aðstæður fólks eru vissulega mismunandi en öll berum við ábyrgð á okkar eigin heilsu og augljóslega mikilvægt að við sinnum því verkefni af alúð, þetta er jú okkar líkami, líf og lífsgæði sem eru í húfi,“ segir Þórhallur að lokum.

Allar nánari upplýsingar um vörur og vörukaup má finna á Yogi.is.



Yogo ferðajógadýnurnar eru einstakar að gæðum en hálfíslenska fyrirsætan og jógakennarinn Megan Rae er andlit fyrirtækisins.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Fasteignablaðið

51. TBL. MÁNUDAGUR 17. DESEMBER 2018
FASTEIGNIR. FRETTABLADID.IS




Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi
sigurdur@landmark.is
sími 896 2312

Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri og eigandi
th@landmark.is
sími 770 0309

Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi
thorey@landmark.is
sími 663 2300

Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111

Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820

Kristján Ólafsson
Löggiltur fast.
kol@landmark.is
sími 512 4900

Nadia Katrín Banine
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002

Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.
inga@landmark.is
sími 897 6717

Eggert Maríuson
Löggiltur fast.
eggert@landmark.is
sími 690 1472

Jóhanna Gustavsdóttir
Löggiltur fast.
johanna@landmark.is
sími 698 9470

Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900

Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Skrifstofa/ í námi til lögg.
gudrun@landmark.is
sími 512 4900

Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

LANDMARK FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur. Sími 512 4900 • landmark.is Landmark leiðir þig heim!


# Fallegt raðhús í Garðabæ

Eignamiðlun kynnir glæsilegt 160 fm endaraðhús á tveimur hæðum (gólfflötur um 182 fm) á grónum stað við Draumahæð í Garðabæ. Töluvert endurnýjað hús sem hefur fengið gott viðhald gegnum árin.

Nánari lýsing eignarinnar. Komið er inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Inn af forstofu er flísalagt svefnherbergi með fatahengi. Hol og gestasnyrting flísalögð í hólf og gólf. Eldhúsið er rúmgott og með flísum á gólfi og nýlegri eldhúsinnréttingu. Steinn er á borðum. Stofan er rúmgóð með flísum á gólfi og skiptist í setustofu, borðstofu og sólskála.

Frá holi er fallegur parketlagður stigi upp á efri hæð. Tvö svefnherbergi á hæðinni, bæði parketlögð og er hjónaherbergið með föstum skápum. Einnig rúmgóð sjónvarpsstofa með parketi á gólfi. Stórar suðursvalir eru frá sjónvarpsholi með útsýni til suðurs og vesturs. Þvottahúsið er nýlegt með flísum á gólfi og innréttingum. Þar sem þvottahús er í dag var áður svefnherbergi og auðvelt væri að breyta til baka. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með hornbaðkari og sturtuklefa.

Bílskúrinn er snyrtilegur með hillum og máluðu gólfi. Um er að ræða sérstaklega vel við haldið hús. Fallegur og skjólgóður garður. Upphitað bílaplan. Rólegur og gróinn staður þar sem stutt er í alla helstu þjónustu eins og skóla, fjölbraut, Smáralind o.fl.



Húsið er við Draumahæð í Garðabæ.

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson lögg.fs Lögg. fasteignasali/leigumiðlari, í síma 824-9098, tölvupóstur hilmar@eignamidlun.is



Eldhúsið er nýlega uppgert.


MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Jóhann Örn B. Benediktsson
Skrifstofustjóri

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



INNlifun
Suðurlandsbraut 26 Sími: 587 2700
Opið: 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga www.alno.is
ALNO
Now that's a kitchen.

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali


**Sigurður**
Fasteignasali


**Hafdís**
Fasteignasali


**Berglind**
Fasteignasali


**Hafliði**
Fasteignasali


**Dórothea**
Fasteignasali


**Þorgeir**
Fasteignasali


**Hrönn**
Fasteignasali


**Þorsteinn**
Fasteignasali


**Sigríður**
Fasteignasali


**Helgi**
Fasteignasali


**Hólmgeir**
Lögmaður


**Lilja**
Fasteignasali


**Árni Ólafur**
Fasteignasali


**Jóhanna Kristín**
Fasteignasali


**Jón Gunnar**
Fasteignasali


**Þóra**
Fasteignasali


**Garðar**
Fasteignasali

**Fasteignasalan TORG**
óskar viðskiptavinum sínum
og öllum landsmönnum

*Gleðilegra Jóla*

**Fasteignasalan TORG • Garðatorgi 5 • 210 Garðabær • www.fstorg.is • 520 9595**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2017


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu við Naustavör og Lund í Kópavogi. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

### *Digranesvegur 60 - Kóp. 5 herb. íbúð með sérinngangi.*




**Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45**

Vel skipulögð 112,5 fm. hæð í þríbýlishúsi við Digranesveg í Kópavogi. Eign sem hefur fengið gott viðhald undanfarin ár. Húsið var múrviðgert og málað í lok sumars.
Fjögur herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgóð stofa sem rúmar vel borð- og setustofu. Útsýni er frá stofu, borðstofu og svölum til suðurs og vesturs yfir Kópavoginn og til fjalla. Stæði fylgir hæðinni fyrir framan hús.
**Hamraborgin er í göngufæri og stutt er í Sundlaug Kópavogs. Skólar í næsta nágrenni.**

**Verð 49,9 milj.**

### *Aðalland 1. 3ja herbergja efri sérhæð.*




**Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45**

Glæsileg 3ja herbergja 138,9 fm. efri sérhæð að meðtöldum 30,0 fm. bílskúr við Aðalland í Fossvogi. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförnum árum. Eldhús með háglans innréttingu og eyju. Tvö herbergi. Nýlegir skápar og innihurðir. Eikarparket á gólfum. Útsýnis nýtur úr stofu og af rúmgóðum svölum til suðurs. Húsið var allt málað að utan s.l. sumar og lítur mjög vel út.
**Frábær eign vel staðsett í Fossvogi.**

**Verð 65,9 millj.**

### *Háaleitisbraut 30. Endaíbúð 5 – 6 herbergja með tvennum svölum.*




**Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.15 – 17.45**

Falleg 5-6 herbergja íbúð á 1. hæð með tvennum svölum við Háaleitisbraut. Eignin er 145,4 fm. að stærð að meðtöldum 20,9 fm. sérstæðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi eru í íbúðinni og stór og björt stofa/borðstofa með gluggum til suðurs og vesturs. Fallegt eldhús með upprunalegum innréttingum.
**Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson arkitekt. Um er að ræða endaíbúð og snúa gluggar til austurs, suðurs og vesturs. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 59,9 millj.**

### *Langalína 7 - Garðabæ. 3ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.*




**Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.15 – 17.45**

Glæsileg 119,1 fm. útsýnisíbúð með mjög mikilli lofthæð að hluta og rúmgóðum svölum til austurs á efstu hæð. Sér bílastæði í bílageymslu.
Útsýnis nýtur frá eigninni yfir Arnarnesvoginn, að Kópavogi, Reykjavík og Bláfjöllum.
Skipulag íbúðarinnar er mjög gott. Stór og björt stofa. Eldhús með miklum innréttingum, eyju og stórri borðaðstöðu við útbyggðan glugga. mjög stór og með fallegu útsýni.**Staðsetning eignarinnar er góð. Stutt er í Sjálandsskóla, ylströndina og fallegar gönguleiðir.**

**Verð 62,5 millj.**

### *Ásvallagata 23. 4ra herbergja íbúð.*



Mjög fín 85,7 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í fjórbýlishúsi á Ásvallagötu.
Verulega aukin lofthæð. Falleg gluggasetning og fallegir gifslistar í loftum.Samliggjandi skiptanlegar stofur. Eldhús með fallegum uppgerðum innréttingum. Tvö rúmgóð herbergi. Mögulegt er að setja svalir til suðurs út af stofum og hefur það verið gert í nærliggjandi húsum. Stigahús er nýlega teppalagt og málað. Lóðin vísar til suðurs, skjólsæl með tyrfðri flöt, vel hirt og með sandkassa fyrir börn.

**Verð 47,9 millj.**

### *Skúlagata 32. Útsýnisíbúð á efstu hæð með þakgarði til suðurs.*



Glæsileg 158,6 fm. íbúð á 5. hæð, efstu hæð, í fjölbýlishúsi í miðborg Reykjavíkur. Íbúðinni fylgir sér geymsla. 41,1 fm. þakgarður er til suðurs með heitum potti og harðviðargólfi og 8,9 fm. svalir eru til norðurs, eftir endilengri íbúðinni, einnig með harðviðargólfi. Mjög stórir gluggar með þreföldu gleri eru í íbúðinni og einstakt útsýni.
**Allar innréttingar eru sérsmíðaðar og þó nokkur er um fastar innbygðar hillur í veggjum í íbúðinni. Verulega aukin lofthæð er í íbúðinni eða allt að 4,6 metrar og allar innihurðir eru í yfirhæð. Einungis tvær íbúðir eru á hæðinni.**

**Verð 99,5 millj.**

### *Langalína – Sjálandi Garðabæ.*



**Glæsileg 4ra herbergja íbúð á efstu hæð. Tvennar svalir.**

- Virkilega glæsileg og vönduð 151,1 fm. íbúð á 3. hæð með tvennum svölum til suðurs og norðausturs, að meðtalinni 10,6 fm. sér geymslu. Sér stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Aukin lofthæð er í stofu og gólfsíðir gluggar.
- Húsið er byggt árið 2016 og flutt var inn í íbúðina og lögð á hana gólfefni í ágúst 2017.
- Eignin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, þvottahús, 2 barnaherbergi, stórt hjónaherbergi með fataherbergi, sjónvarpsrými, tvennar svalir til suðurs og norðausturs.

**Verð 89,9 millj.**

### *Grettisgata. Vel staðsett einbýlishús.*



Glæsilegt 63,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris á rólegum stað innarlega í lóð við Grettisgötu. Sér geymsla er á lóð. Húsið er eitthvað stærra að gólffleti en opinberar tölur segja til um þar sem að rishæð hússins er þó nokkuð undir súð. Húsið var allt endurbyggt árið 1999 og var þá m.a. einangrað og klætt upp á nýtt að innan með panel og að utan með bárujárni. Skipt var um gler og glugga og allar lagnir endurnýjaðar. Húsið var innréttað upp á nýtt auk þess sem stór kvistur var settur á rishæð hússins. **Stór og sólrík afgirt viðarverönd er út af stofum til suðurs og austurs og lóðin, sem er eignarlóð, 195,1 fm. að stærð er öll afgirt. Fallegur trjágróður er á lóðinni.**

**Verð 56,9 millj.**

### *Ránargata 3. 3ja herbergja íbúð á efstu hæð.*



Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,7 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í steinsteyptu þríbýlishúsi við Ránargötu. Baðherbergi er með glugga og er nýlega endurnýjað og eldhúsinnrétting er tiltölulega nýleg með nýjum tækjum. Rúmgóð stofa með tvöfaldri rennihurð við eldhús. Lóðin er ræktuð, afgirt baklóð. **Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á rólegum stað í göngufæri við miðborgina.**

**Verð 44,9 millj.**

### *Freyjugata. Mikið endurnýjuð 3ja - 4ra herbergja íbúð.*



Góð 78,2 fm. íbúð á 1. hæð í fjórbýlishúsi við Freyjugötu. Sameiginlegur inngangur er með öðrum íbúðum hússins. Stofan er mjög rúmgóð og væri möguleiki að bæta við þriðja herbergi í hluta af stofu. Búið er að endurnýja eldhús og baðherbergi og hluta gólfefna. Þvottaaðstaða er á baðherbergi. Búið er að endurnýja gler og glugga í íbúðinni og húsið var múrviðgert og málað að utan árið 2013.

**Verð 42,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

**SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957**


**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali


**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9093


**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali


**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 864 5464


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
s. 899 1882


**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
s. 861 8511


**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
s. 824 9098


**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
s. 896 1168

## DRAUMAHÆÐ 12, 210 GARÐABÆR







Glæsilegt 160 fm endaraðhús á tveimur hæðum (gólfflötur um 182 fm). Eignin er á grónum stað við Draumahæð 12 í Garðabæ. Fallegur og skjólgóður garður. Töluvert endurnýjað hús sem hefur fengið gott viðhald gegnum árin. Upphitað bílaplan. Rólegur og gróinn staður þar sem stutt er í alla helstu þjónustu eins og skóla, fjölbraut, Smáralind o.fl.
**V. 86,5 m**
**Nánari upplýsingar Hilmar Þór Hafsteinsson lögg.fs í síma 824-9098 - hilmar@eignamidlun.is**

## SJAFNARBRUNNUR 5 - 19, 113 REYKJAVÍK








Virkilega góð 220 - 230 fm 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og tveimur baðherbergjum. Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með tilbúinni lóð og tilbúið til innréttingar að innan. Rafmagn er fullfrágengið ásamt tenglum og rofum. <br />1-hæð: Anddyri, 3 svefnherbergi, bað með útgengi í garð, þvottaherbergi, bílskúr og geymsla. 2 hæð: Baðherbergi, svefnherbergi með fataherbergi, stofa og eldhús, útgengi út á svalir.
**V. 73,5 – 74,9m. Opið hús mánudaginn 17. desember milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari upplýsingar: H. Daði Hafþórsson lg.fs., í síma 8249096**

## MIÐTÚN 28 105 REYKJAVÍK






210,7 fm einbýlishús með auka íbúð og bílskúr. Eignin skiptist í: Kjallari, þriggja herbergja ný uppgerð íbúð. Hæð og ris, Uppgerð fimm herberja íbúð. Húsið hefur verið mikið endurnýjað. Vel staðsett eign í nálægð við miðbæinn.
**V. 94,9 m.**
**Opið hús þriðjudaginn 18. desember milli kl. 17:00 og 17:30.**
**Nánari upplýsingar Daði Hafþórsson lögg. fs. í síma 824 9096 - dadi@eignamidlun.is**

## SÓLVALLAGATA 11, 101 REYKJAVÍK






Mjög falleg, björt og mikið endurnýjuð 157,3 fm efri sérhæð í 3-býlishúsi við Sólvallagötu. Tvær samliggjandi stofur, borðstofa/vinnuherbergi, eldhús, tvö herbergi, tvö baðherbergi. Svalir. Frábær staðsetning. Húsið er staðsett á horni Sólvallagötu og Blómvallagötu.
**V. 79,5 m.**
**Opið hús mánudaginn 17. desember milli kl 17:00 og 17:30.**
**Nánari uppl.: Hreiðar Levy Guðmundsso nemi til lögg.fs. s. 661 6021 - hreidar@eignamidlun.is. Magnea S. Sverrisdóttir lögg.fs.**

## ÁLFHELLA 4, 221 HAFNARFJÖRÐUR





Glæsileg ný iðnaðarbil á góðum stað á Völlunum í HafnarfirðiUm er að ræða fallegt og vandað stálgrindarhús á tveimur hæðum frá Byggingartækni. Hannað af Gríma arkitektum.Húsið skiptist í 11 mismunandi stórar einingar sem eru á tveimur hæðum.Stærðir frá 94,4 - 143,9 fm.
**Verð frá 26,4 - 35,2 m.**
**Nánari upplýsingar H. Daði Hafþórsson lögg. fs. í síma 8249096 - dadi@eignamidlun.is**

## FÁLKAGATA 17, 107 REYKJAVÍK






Fjögurra herbergja falleg og vel staðsett 103,7 fm íbúð á annarri hæð. Stutt í alla þjónustu sem og Háskóla Íslands, Vesturbæjarsundlaug og kaffi Vest ásamt fallegu útivistarsvæði við sjávarsíðuna. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og sérgeymslu í kjallara.
**V. 54,9 m.**
**Opið hús miðvikudaginn 19. desember milli kl 17:00 og 17:30**
**Nánari upplýsingar Hreiðar Levý Guðmundsson nemi til lögg. fs. í síma 661-6021 - hreidar@eignamidlun.is.**
**Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs.**

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**GRENSÁSVEGUR 11** **SÍMI 588 9090**



**Alexander Ingi Kristjánsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 695 7700



**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9096



**Guðbjörg Matthíasdóttir**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
s. 588 9090



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til lögg. fast.sala
s. 661 6021



**Jenný Sandra Gunnarsdóttir**
Skrifstofustjóri



**Ásdís H. Júlíusdóttir**
Ritari



**María Guðrún Waltersdóttir**
Móttökuritari

## STAKKHOLT 4B, 105 REYKJAVÍK



Góð 102,5 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér 19 fm verönd. Auk þess fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu. Stofa og eldhús eru í opnu rými. Vönduð eign við miðbæ Reykjavíkur. Kaffihús, verslanir og veitingahús í næsta nágrenni. Hlemmur Mathöll handan við hornið. **V. 51,9 m.**
**Nánari uppl.: Brynjar Þ. Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168.**

## VEGHÚS 31, 112 REYKJAVÍK



Fjögurra herbergja 101,2 fm íbúð á 10. hæð (efstu) í góðu nýlega viðgerðu og máluðu lyftuhúsi. Endurnýjaðir ofnar, gler að mestu og fl. 3 svefnherbergi, sérþvottahús innan íbúðarinnnar. Glæsilegt útsýni til suð-vesturs og norðurs. **V. 44,9 m.** **Opið hús mánudaginn 17. desember milli kl. 17:15 og 17:45.**
**Nánari upplýsingar Þórarinn M. Friðgeirsson lögg.fs. í síma 899-1882 - thorarinn@eignamidlun.is**

## STÚFHOLT 3, 105 REYKJAVÍK



Góð 2ja herbergja 63.0 fm íbúð á 2. hæð. Örstutt í miðbæ Reykjavíkur kaffihús, verslanir og veitingahús í næsta nágrenni. Hlemmur Mathöll handan við hornið.
**V. 37,9 m.**
**Nánari upplýsingar Brynjar Þór Sumarliðason lögg. fs. í síma 896-1168, tölvupóstur brynjar@eignamidlun.is**

## GERPLUSTRÆTI 31, 270 MOSFELLSBÆR



Ný og glæsileg 113,1 fm 4 herbergja íbúð. þrjú svefnherbergi, svalir til vesturs með útsýni, bílastæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er smekklega innréttuð með innréttingum frá Axis, parketlögð hvíttuðu parketi frá Parka og anddyri er flísalagt. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. **V. 51,9 m.**
**Nánari upplýsingar: Brynjar Þór Sumarliðason lögg. fs. í síma 896 1168 - brynjar@eignamidlun.is**

## BLIKAÁS 13, 221 HAFNARFJÖRÐUR



OPIÐ HÚS

Mjög góð 85 fm 3ja herbergja íbúð í litlu fjölbýlishúsi við Blikaás 13 í Hafnarfirði. Sex íbúðir eru í húsinu og er sérinngangur af svölum bakatil. Nýtt harðparket á gólfum. Stutt er í skóla og leiksskóla. Fallegt útsýni. **V. 39,8 m.** **Opið hús þriðjudaginn 18. desember 2018 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.**
**Nánari upplýsingar Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. fs. í síma 824-9098 - hilmar@eignamidlun.is**

## SOGAVEGUR 74, 108 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða 141,8 fm einbýlishús á stórri lóð sem þarfnast viðhalds að utan og innan. Eignin skiptist í: Jarðhæð: Forstofu, gang, tvær stofur, eldhús, þvottahús og snyrtingu. Viðbygging: tvö svefnherb., baðherb. og geymsla/bílskúr. Á efri hæð er hjónaherb., baðherb. og stofa. **V. 58,9 m.** **Opið hús mánudaginn 17. desember 2018 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **Nánari upplýsingar Kjartan Hallgeirsson lögg. fs. í síma 824-9093**

## FURUGERÐI 13, 108 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða 93,3 fm 4ja herbergja íbúð á þessum frábæra stað við Furugerði 13 í Reykjavík þar sem stutt er í allar almennar þjónustur, skóla og samgöngur.
**V. 47 m.**
**Opið hús miðvikudaginn 19. desember milli kl 17:00 og 17:30.**
**Nánari upplýsingar Alexander Ingi Kristjánsson lögg. fs. í síma 695 7700 - alexander@eignamidlun.is**

## RAUÐÁS 12, 110 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða bjarta og skemmtilega 111,5 fm 6 herbergja íbúð með fallegu útsýni. Gólfflötur er stærri vegna rishæðar þar sem meirihlutinn af rýminu er óskráður. Stutt er í allar almennar þjónustur, skóla, samgöngur og íþróttaiðkun.
**V. 51,9 m.** **Opið hús mánudaginn 17. desember 2018 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.** **Nánari upplýsingar Alexander Ingi Kristjánsson lögg. fs. í síma 695 7700 - alexander@eignamidlun.is**



**OPIÐ HÚS** **ÞRIÐJUDAGINN 18. DESEMBER MILLI KL. 12.00 - 13.00**

# Jaðarleiti 2-6

Fallegar íbúðir í nýju hverfi á frábærum stað í borginni. Flestar íbúðanna eru með fallegu útsýni. Íbúðirnar eru 2ja – 3ja herbergja og afhendast fullbúnar með gólfefnum. Bílastæði í bílageymslu fylgja hluta íbúða.

**Stærðir íbúða frá 77 – 107 fm**
**verð frá 49,9 m.**
**Tilbúnar til afhendingar**



**OPIÐ HÚS** **MIÐVIKUDAGINN 19. DESEMBER MILLI KL. 12.00 - 13.00**

# Höfðatorg

**BRÍETARTÚN 9-11 / 105 REYKJAVÍK**
Glæsilegar íbúðir í tveimur lyftuhúsum á frábærum stað við Höfðatorg. Innri hönnun íbúðanna skapar hlýtt og notalegt umhverfi. Íbúðirnar eru bjartar með stórum gluggum, ljósum veggjum og gólfhita sem veitir góðan yl á köldum dögum.
**Stærð íbúða er frá 59 – 240 fm.**

**DÆMI:**
**2ja herb. verð frá 43,9 millj.**
/ stærð frá 59,7 fm
**3ja herb. verð frá 58,9 millj.**
/ stærð frá 97,7 fm
**4ra herb. verð frá 75,9 millj.**
/ stærð frá 130,4 fm

**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Alexander Ingi Kristjánsson**
löggiltur fasteignasali
alexander@eignamidlun.is
Sími 695 7700



**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



# Kársnesbraut 21b 200 Kópavogur

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

**Verð: 69.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 18. des. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi: 4 Stærð: 168,4 m² Bílskúr**









**Dórothea**
**Fasteignasali**
**gsm: 898 3326**

## Kársnesbraut 21b | 200 Kóp.

Fallegt 168,4 fm raðhús á tveimur hæðum þar af 22,8 fm bílskúr. Falleg lóð, endurn. innkeyrsla með hitalögn.

**Aðkomuhæð:** Eldhús, endurn. gestasalerni, borðstofa og stofa með aukinni lofthæð, útgengi út á munstursteypta skjólsæla verönd í suður. Þvottahús, geymsla og innang. í bílskúr.

**Efri hæð:** Aukin lofthæð, þrjú svefnherb. með góðu skápaplássi, útgengi út á svalir úr einu þeirra, baðherb. með glugga, baðkar með sturtuaðstöðu. Lóð með geymsluskúr og kofa.

LIND FASTEIGNASALA

**510 7900**

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

## Leifsgata 22

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 97,8 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

**Bestu kaupin í 101 í dag. Rúmgóð og björt þriggja herbergja íbúð á 2. hæð (efstu) í þríbýlishúsi að Leifsgötu 22.**
**LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**

**39.900.000 kr**



**OPIÐ HÚS › 17. DES 17:30 - 18:00**







*Heyrumst*
**Hrafn Valdísarson**
Löggiltur fasteignasali
› 775 4988
› hrafn@fastlind.is

## Til sölu er einbýlishús að Víkurbraut 9 - Sandgerði

**Húsið er á 2 hæðum - 70 fm. og hefur verið endurnýjað og er þeirri vinnu að ljúka.**

- Hitagrind ný
- Hiti í gólfi uppi og niðri
- Nýlegir og nýir gluggar í öllu húsinu
- Nýtt parket, eldhúsinnrétting og Wc.
- Rafmagn nýtt eða frá 2006.
- Ný bárujárnsklæðning að utan en á þaki ca. 2007.



**Verð kr. 21.000.000.**

**Uppl. oskargold@hotmail.com**

FASTEIGNASALAN
**TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

# GLÆSILEGT HÚSNÆÐI TIL ATVINNU-REKSTRAR



## Fiskislóð 31
**101 Reykjavík**








**Verð frá kr. 28.400.000** | **Stærðir frá: 87 m² - 173,6 m²**

Glæsileg bil sem henta til ýmiskonar rekstrar við Fiskislóð 31 í Reykjavík. Bilin skiptast í rými á fyrstu hæð sem eru með mikilli lofthæð eða milli lofti og síðan misjafnlega stór skrifstofurými á 2. og 3. hæð. Svalir eru á hluta af rýmum og stórfenglegt útsýni. Mjög hentugar eignir á einum mest vaxandi stað Reykajvíkur.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**: **Garðar Hólm**, löggiltur fasteignasali í síma **899 8811** eða *gardar@fstorg.*is



---

# FOLD
FASTEIGNASALA
*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132
**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

## Snæland 2
**OPIÐ HÚS MÁNUD. 17.12 FRÁ KL. 17:00-17:30**




Snæland 2. Vel skipulögð 61,4 fm 2ja herbergja íbúð á á skjólgóðum og rólegum stað í Fossvoginum. Stutt er í verslanir, leikskóla, skóla og íþróttasvæði. Stofa, eldhús, baðherbergi og rúmgott svefnherbergi með skáp. **Opið hús mánudaginn 17.12.2018 frá klukkan 17:00-17:30,** **verið velkomin. Verð 32,9 milljónir**

## Þórðarsveigur 30
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 18.12 FRÁ KL. 17:00-17:30**




Mjög góð og vel skipulögð 90 fm 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð ásamt 15 fm geymslu í sameign, samtals 105 fm og stæði í bílageymslu. Þvottahús innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum. Lyfta. Góð aðkoma. Íbúðin er laus við kaupsamning. Óskað er eftir tilboði í eignina. Lyklar á skrifstofu. **Opið hús þriðjudaginn 18.12 frá kl. 17:00-17:30** **verið velkomin.**

## Sörlaskjól 5, 107 RVK,
**2JA HERB Í KJALLARA.**




Sörlaskjól 5, 107 Rvk. Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á frábærum stað í Vesturbænum. Rúmgóð stofa, eitt svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með nýlegri sturtu og eldhús með fallegri innréttingu.

## Atvinnuhúsnæði
**AUSTURSTRÖND - SELTJARNARNESI.**




Atvinnuhúsnæði á jarðhæð á góðum stað við Austurströnd á Seltjarnarnesi. Um er að ræða tvö fastanúmer, annars vegar er eining sem sem er 181,2 fm. með innkeyrsludyrum og lagerrými. Síðir gluggar. Snýr í norður og vestur. Hins vegar er um að ræða 62,4 fm. húsnæði sem snýr í norður og austur. Góðir gluggar eru á því og góð aðstaða til að taka inn vörur. **Verð 60 milljónir. Vinsamlegast bókið skoðun hjá fasteignasölum Foldar.**

## Laugavegur 47 verslunarhúsnæði
**-LEIGA**



330 fm verslunarhúsnæði á horni Frakkastígs og Laugavegar. Húsnæðið er á þremur hæðum með lyftu. Þetta er frábær staðsetning sem hentar bæði fyrir verslun og ýmsa þjónustu. **Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Foldar.**

## Óskum eftir

- **Vantar íbúðir miðsvæðis í Reykjavík til leigu í eitt ár eða lengur fyrir traustan erlendan aðila.**
- **Vantar íbúðir í úthverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila.**
- **Vantar einstaklingsíbúðir og 2ja herbergja íbúðir á öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu á skrá fyrir áhugasama kaupendur.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2017

Stofnað 1983

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

Helgi Jón Harðarson, Sölustjóri / Eigandi
Freyja Sigurðardóttir, Lögg. fast. / Eigandi
Magnús Emilsson, Lögg. fast. / Eigandi
Ágústa Hauksdóttir, Löggiltur fasteignasali
Hilmar Þór Bryde, Löggiltur fasteignasali
Hlynur Halldórsson, Löggiltur fasteignasali
Hildur Loftsdóttir, Ritari / skjalavinnsla
Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir, Lögg. fast.



VÖNDUÐ EIGN

## ÖGURHVARF 2 - ATVINNUH. - KÓP

Nýkomið í einkasölu glæsilegt nýlegt 282 fm atvinnuhúsnæði/verslunarhúsnæði, um er að ræða endabil á þessum frábæra stað. Innkeyrsludyr. **Verð 89 millj.**



RÚMGÓÐ LÓÐ

## DALSHRAUN – ATVINNUHÚSNÆÐI – HFJ.

Um er að ræða 280 fm atvinnuhúsnæði á besta stað í bænum, mögulegki að skipta húsnæðinu í fjögur 70 fm bil með innkeyrsludyrum. Frábær staðsetning, góð lóð. **Verðtilboð.**



FRÁBÆR STAÐSETNING

## SKEMMUVEGUR – LAUST STRAX – KÓP

Nýkomið sérlega gott 249,2 fm atvinnuhúsnæðiauk ca 50 fm milliloft (kaffistofa/skrifstofa). Mikil lofthæð og innkeyrsludyr. Frábær staðsetning (á móti Aðalskoðun). Laust strax.
**Hagstætt verð 63,9 millj.**



SVEIT Í BORG

## SKYGGNI – PARADÍS VIÐ ELLIÐAVATN

Einstök staðsetning. Til sölu Fornahvarf 10 í Kópavogi á 4800 fm lóð, einbýli, gestahús og hesthús samtals ca 340 fm. Hentug eign fyrir hestafólk eða fólk í ferðaþjónustu. Mögulegur byggingaréttur, frábærar reiðleiðar. Sjón er sögu ríkari. **Verðtilboð.**



EIGN Í SÉRFLOKKI

## VATTARÁS – GLÆSILEGT EINBÝLI – GB

Nýkomið glæsilegt einbýli með innbyggðum bílskúr samtals ca 320 fm. Frábær staðsetning og útsýni. Eign í algjörum sérflokki.
**Verð 140 millj.**



TVÆR ÍBÚÐIR

## JÓFRÍÐARSTAÐAVEGUR – EINB./TVÍBÝLI – HFJ.

Sérlega fallegt tvílyft einbýli/tvíbýli með innbyggðum bílskúr samtals 257 fm. Rúmgóð ca 85 fm aukaíbúð á jarðhæð. Einstök staðsetning og útsýni. **Verð 84,9 millj.**

**Nánari upplýsingar veitir Helgi Jón Harðarson 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is**





**Sigurður Samúelsson**
Lögg. fast. og eigandi
sigurdur@landmark.is
sími 896 2312



**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri og eigandi
th@landmark.is
sími 770 0309



**Þórey Ólafsdóttir**
Lögg. fast. og eigandi
thorey@landmark.is
sími 663 2300



**Andri Sigurðsson**
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111



**Sveinn Eyland**
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820



**Benedikta Gísladóttir**
Skjalavinnsla/móttaka
benedikta@landmark.is
Sími. 512.4900



**Nadia Katrín Banine**
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002



**Ingibjörg A. Jónsdóttir**
Löggiltur fast.
inga@landmark.is
sími 897 6717



**Eggert Maríuson**
Löggiltur fast.
eggert@landmark.is
sími 690 1472



**Jóhanna Gustavsdóttir**
Löggiltur fast.
johanna@landmark.is
sími 698 9470



**Helga Snorradóttir**
Skrifstofa/skjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900



**Guðrún D. Lúðvíksdóttir**
Löggiltur fast.
gudrun@landmark.is
sími 512 4900



**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir**
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

# LANDMARK FASTEIGNASALA

## NÝTT Á SKRÁ

## LANDMARK LEIÐIR ÞIG HEIM

LANDMARK FASTEIGNASALA | HLÍÐASMÁRA 2 (6. HÆÐ) | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 512 4900 | LANDMARK.IS








- Nýjar 14 íbúðir í Urriðaholti sem er nýjasta hverfi Garðabæjar.
- Íbúðirnar eru 4ra – 5.herbergja og eru stærðir frá 118.5 – 180.3 fm.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar með gólfefnum.
- Stæði í lokaðri bílgeymslu með íbúðum, lyfta í stærra húsi.
- Rúmgóðar svalir eru með íbúðum á hæðum og sérafnotareitir með íbúðum á jarðhæð.
- Fataherbergi er innaf hjónaherbergi með nokkrum íbúðum og er þvottaherbergi innan íbúðar.
